



Lokaritgerð til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Hagræn kosningahegðun í sveitarstjórnarkosningum

Áhrif staðbundins efnahagsástands á niðurstöður
sveitarstjórnarkosninga á Íslandi 2006-2018

Eva Laufey Eggertsdóttir

júní 2021



HÁSKÓLI ÍSLANDS
STJÓRN MÁLAFRÆÐI DEILD

Hagræn kosningahegðun í sveitarstjórnarkosningum
Áhrif staðbundins efnahagsástands á niðurstöður sveitarstjórnarkosninga á
Íslandi 2006-2018

Eva Laufey Eggertsdóttir

Lokaritgerð til BA-gráðu í stjórnmálafræði
Leiðbeinandi: Agnar Freyr Helgason

Stjórnmálafræðideild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2021

Hagræn kosningahegðun í sveitarstjórnarkosningum

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði.
Óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Eva Laufey Eggertsdóttir, 2021
kt. 2108963259

Reykjavík, Ísland, 2021

Útdráttur

Rannsóknir benda til þess að áhrif efnahagsástandsins á niðurstöður kosninga séu til staðar víða um heim og þykir staða efnahagsmála almennt vera mikilvæg breyta þegar kemur að kosningahegðun. Kenningar um hagræna kosningahegðun ganga út frá því að kjósendur hagi atkvæði sínu eftir efnahagsástandinu hverju sinni, þeir refsí sitjandi ráðafólki í efnahagsharðindum en umbuni því í uppsveiflu. Hagræn kosningahegðun hefur lítið verið rannsökuð á Íslandi og er rannsókn þessari ætlað að auka skilning okkar á fyrirbærinu hérlendis sem og lýðræði á sveitarstjórnarstiginu. Hér eru tengslin milli niðurstaða sveitarstjórnarkosninga á árunum 2006-2018 og staðbundins efnahagsástands greind með aðhvarfsgreiningu.

Áhuginn í rannsókn þessari beinist annars vegar að áhrifum staðbundins efnahagsástands á fylgisbreytingar sitjandi meirihlutflokka og hins vegar að áhrifum staðbundins efnahagsástands á fylgisbreytingar sitjandi meirihlutflokka sem einnig voru í ríkisstjórn. Fyrirnefnd áhrif eru á þann veg að með auknum efnahagsharðindum eykst fylgi sitjandi meirihlutflokka í sveitarstjórnarkosningum, slíkt samband er öfugt við niðurstöður sambærilegra rannsókna erlendis og því er tilvist hagrænnar kosningahegðunar í sveitarstjórnarkosningum á Íslandi ekki staðfest. Síðarnefnd áhrif eru á þann veg að staðbundið efnahagsástand hefur ekki áhrif á gengi sitjandi meirihlutflokka sem einnig voru í ríkisstjórn. Þær ályktanir sem draga má af rannsókn þessari eru fyrst og fremst að skoða þurfi mikilvægi annarra þátta en hagrænna og áhrifa þeirra á kosningahegðun Íslendinga á sveitarstjórnarstiginu, hagræn kosningahegðun í íslenskum sveitarfélögum virðist fylgja öðrum lögmálum en víðast hvar.

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni mitt til 180 eininga (ECTS) BA prófs í stjórn málafræði við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands, er hún metin til 12 eininga og var skrifuð á vormisseri 2021 til brautskráningar í júní 2021. Leiðbeinandi er Agnar Freyr Helgason og færi ég honum sérstakar þakkir fyrir mikla þolinmæði, velvild og ómetanlega leiðsögn við vinnslu þessa verkefnis. Óskari Erni Bragasyni, samnemanda mínum og vini, þakka ég einnig kærlega fyrir yfirlestur á ritgerðinni og hjálplegar athugasemdir. Jafnframt þakka ég fjölskyldu minni og vinum fyrir þá hvatningu, þolinmæði og stuðning sem þau hafa veitt mér síðustu þrjú árin. Sérstaklega þakka ég Jóni Októ fyrir margþættan og ómetanlegan stuðning.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	3
Formáli.....	4
Töfluskra	6
1 Inngangur.....	7
2 Hagræn kosningahegðun	7
2.1 Lýðræðislegar kosningar	7
2.2 Kenningar um hagræna kosningahegðun.....	10
2.3 Gagnrýni á kenningar um hagræna kosningahegðun.....	12
2.4 Staðbundið efnahagsástand	14
2.5 Hagræn kosningahegðun á lægri stjórnsýslustigum.....	16
3 Íslenska tilvikið.....	17
3.1 Íslenskar ríkisstjórnir.....	18
3.2 Íslensk sveitarfélög	19
4 Tilgátur	23
5 Gögn og aðferðir	24
5.1 Fylgibreytingar meirihlutflokka	28
5.1.1 Fylgibreytingar meirihlutflokka sem einnig voru í ríkisstjórn	29
5.2 Landsmálaflokkar	30
5.3 Breytileiki í staðbundnu efnahagsástandi	31
6 Aðhvarfsgreining	33
6.1 Flokkar í meirihluta	33
6.1.1 Meirihlutflokkar í ríkisstjórn	35
6.2 Meirihlutar í heild sinni.....	37
7 Umræður og lokaorð	37
Heimildaskrá	42
Lagaskrá	45
Viðauki 1 – Meðalatvinnuleysi eftir sveitarfélögum árið 2018	46
Viðauki 2 – Meðalatvinnuleysi eftir sveitarfélögum 2010	47
Viðauki 3 – Niðurstöður aðhvarfsgreiningar á tengslum efnahagsástandsins við fylgibreytingar meirihluta í heild sinni í sveitarstjórnarkosningum.....	48

Töfluskrá

Tafla 1 Meðalbreyting á fylgi, mesta fylgisaukning og mesta fylgistað meirihlutflokka í sveitarstjórnarkosningum eftir árum	28
Tafla 2 Meðalfylgisbreyting meirihlutflokka eftir árum, annars vegar þeir flokkar sem einnig voru í ríkisstjórn og hins vegar þeir flokkar sem ekki voru í ríkisstjórn.....	29
Tafla 3 Breytingar á fylgi Fjórflokksins í sveitarstjórnarkosningum eftir árum	30
Tafla 4 Meðalfylgisbreytingar meirihlutflokka og Fjórflokksins í sveitarstjórnarkosningum eftir árum	31
Tafla 5 Yfirlit yfir atvinnuleysi í sveitarfélögum og á landsvísu eftir árum	33
Tafla 6 Niðurstöður aðhvarfsgreiningar á tengslum staðbundins efnahagsástands við fylgisbreytingar meirihlutflokka í sveitarstjórnarkosningum	33
Tafla 7 Niðurstöður aðhvarfsgreiningar á tengslum staðbundins efnahagsástands við fylgisbreytingar þeirra meirihlutflokka sem voru einnig í ríkisstjórn þegar sveitarstjórnarkosningar fóru fram	36

1 Inngangur

Meðal kenninga sem fjalla um kosningahegðun má finna hugmyndir um að atkvæði kjósenda stjórnist af efnahagsástandinu hverju sinni, en þær kallast kenningar um hagræna kosningahegðun (e. economic voting). Ganga þær út frá því að kjósendur hagi atkvæði sínu eftir ríkjandi efnahagsástandi og refsí sitjandi ráðafólki í efnahagsharðindum en umbuni því í góðæri (Dassonneville, Claes og Lewis-Beck 2016, 6). Fyrirbærið hefur takmarkað verið rannsakað á Íslandi og því vitum við ekki hvort það er til staðar í kosningum hérlendis, verðmætt er að öðlast betri innsýn í kosningahegðun Íslendinga vegna þess forspárgildis sem sú vitneskja gæti veitt og er rannsókn þessari ætlað að auðga skilning okkar á niðurstöðum íslenskra kosninga. Enn fremur einblínir hún á sveitarstjórnarstigið en færa má rök fyrir því að mikilvægt sé að auka þekkingu okkar á lægra stjórnsýslustigi íslensks stjórnkerfis. Ísland er oftast en ekki flokkað með Norðurlöndunum þegar kemur að skrifum um lægri stjórnsýslustig þrátt fyrir að vera að mörgu leyti frábrugðið nágrannalöndum okkar í þeim málum (Eva Marín Hlynsdóttir 2018, 84), öll vitneskja sem hægt er að öðlast um málefni sveitarstjórnarstigsins á Íslandi er því verðmæt.

Hér að neðan verða niðurstöður sveitarstjórnarkosninga frá árunum 2006-2018 greindar með aðhvarfsgreiningu með það að markmiði að meta áhrif efnahagsins á þær. Megindlegri rannsóknaraðferð er beitt þar sem um er að ræða almenna greiningu á kosningahegðun Íslendinga til langs tíma. Leitað verður svara við því hvort staðbundið efnahagsástand hafi áhrif á gengi sitjandi meirihlutflokka í sveitarstjórnarkosningum annars vegar og á gengi sitjandi meirihlutflokka sem einnig eru í ríkisstjórn í sveitarstjórnarkosningum hins vegar. Niðurstöðurnar staðfesta áhrif efnahagsins á niðurstöður sveitarstjórnarkosninga á Íslandi en eru þó ekki í takt við sambærilegar rannsóknir erlendis þar sem sambandið er öfugt en það sem búist var við; þegar staðbundnu efnahagsástandi hrakar eykst fylgi sitjandi meirihlutflokka í sveitarstjórnarkosningum. Hvað varðar meirihlutflokka sem einnig voru í ríkisstjórn finnst ekki samband milli efnahagsins og fylgisbreytinga þeirra.

2 Hagræn kosningahegðun

2.1 Lýðræðislegar kosningar

Í allflestum lýðræðisríkjum nútímans ríkir fulltrúalýðræði, þar eru kosningar notaðar til að velja fulltrúa sem taka ákvarðanir fyrir hönd kjósenda. Kosningar snúast í grunninn um það að hver kjósandi kjósi eftir eigin sannfæringu og opinber stefnumótun endurspeglir því hagsmuni

íbúanna (Gunnar Helgi Kristinsson 2007, 30–31). Kosningabátttaka hefur ávallt verið mikil á Íslandi og undanfarna áratugi hefur hún hvergi í heiminum verið meiri, ef tekin eru út fyrir sviga þau ríki þar sem kosningaskylda er í lögum (ibid., 51-53). Til að mynda var kosningabátttaka í Alþingiskosningum árið 2017 81.2% og í sveitarstjórnarkosningum árið 2018 67.2% (Hagstofa Íslands e.d.). Draga má fram tvær meginkenningar sem leitast við að útskýra af hverju almenningur kýs, annars vegar félagslega kenningahefð og hins vegar hagræna (Gunnar Helgi Kristinsson 2007, 51–53).

Samkvæmt félagslegri kenningahefð vilja kjósendur leggja sitt af mörkum til stjórnunar og kjósa þess vegna. Þeir þurfa ekki endilega að trúa því að atkvæði þeirra skipti sköpum, heldur taka þeir þátt vegna þess að þátttakan er markmið í sjálfu sér, kosningar hafa því táknrænt gildi frekar en hagnýtt. Kjósendur stjórnast af vana og tilfinningum og félagsmótun hefur mikil áhrif. Einstaklingar koma frá ólíkum félagslegum aðstæðum og hafa í gegnum tíðina myndað skoðanir á ýmsum flokkum, stefnum, stéttum, svæðum og svo framvegis. Þær skoðanir hafa áhrif á atkvæði þeirra í kosningum sem stjórnast síður af skynsemi heldur en vana. Kjósendur túlka nýjar upplýsingar í samræmi við þá þekkingu og þær skoðanir sem þeir búa nú þegar yfir og líta yfirleitt svo á að það stjórnmalafólk sem þeir kjósa hafi yfirhöndina í hvers kyns skoðanaskiptum og umræðum (ibid., 65-66). Því gæti stjórnmalabátttaka verið ólík eftir aldri kjósenda, menntunarstigi, hjúskaparstöðu, búsetu í dreif- eða þéttbýli, og svo framvegis (Fauvelle-Aymar 2011, 6). Önnur kvísl félagslegrar skýringarhefðar er kloffningskenning Lipset og Rokkan (sjá t.d. Hooghe og Marks 2018) sem gengur út frá því að stjórnmalaflokkar spretti upp úr samfélagslegum kloffningum og því kjósi almenningur eftir þeim. Klofningar í samfélaginu eru til dæmis höfuðborg og landsbyggð eða verkamenn og atvinnurekendur.

Gagnrýni á félagslega skýringarhefð bendir á að hún gerir ráð fyrir því að atkvæði kjósenda stjórnast af vana og félagsmótun og ætti því flokkshollusta að spila stórt hlutverk. Staðreyndin er hins vegar sú að síðan um 1970 hefur það færst verulega í aukana að kjósendur kjósi ólíka flokka milli kosninga; fylgisbreytingar flokka hafi færst í aukana sem gefur til kynna að flokkshollusta spili ekki jafn stórt hlutverk í kosningahegðun og áður. Samfélagið hefur að mörgu leyti orðið flóknara síðan flokkshollusta réði atkvæði kjósenda; starfsstéttir eru fleiri og fjölbreyttari og þjóðerni innan flestra ríkja eru fleiri og fjölbreyttari en áður. Í tilfalli Íslands eru stjórnmalaflokkar fleiri og fjölbreyttari og átakalínur innan þjóðfélagsins oft ekki skýrar

(Gunnar Helgi Kristinsson 2007, 68-69). Því má segja að val kjósenda hafi orðið flóknara en hér áður fyrr og krefjist meðvitaðri ákvarðanatöku en félagsleg kenningahefð geri ráð fyrir.

Hagræn kenningahefð gerir einmitt ráð fyrir mjög meðvitaðri ákvarðanatöku en hún tilheyrir kenningum um skynsemissval (e. rational choice). Þær ganga út frá því að einstaklingar leitist alltaf við að hámarka nytjar sínar (e. utilities) (sjá t.d. Aldrich 1993; Ferejohn og Fiorina 1974); almenningur hafi getuna til rökhugsunar og skynsemi og beiti þeirri getu við hvers kyn ákvarðanatöku. Ákvarðanir hafa ólíkar afleiðingar og einstaklingar taka þá ákvörðun sem hefur hagkvæmastar afleiðingar fyrir þá sjálfa hverju sinni. Í kosningum birtist skynsemissval þannig að kjósandi velur þann frambjóðanda eða flokk sem lofar stefnumótun sem fellur best að hagsmunum kjósendans. Aftur á móti fylgir kosningum ákveðin vinna fyrir kjósendann, hann þarf að afla sér upplýsinga, vinna úr þeim upplýsingum og taka ákvörðun, taka sér tíma úr deginum til að mæta á kjörstað, koma sér á kjörstað og kjósa. Samkvæmt kenningum um skynsemissval þyrfti ábatinn sem fylgir athöfninni, í þessu tilfalli að greiða atkvæði í kosningum, að vera meiri en kostnaðurinn við að framkvæma athöfnina.

Gagnrýni á hagræna nálgun hefur verið á þann veg að áhrif einstaka kjósenda á úrslit kosninganna eru nánast engin og því ætti ábati kjósendans í raun aldrei að vera meiri en kostnaðurinn við það að taka þátt í kosningum (Fauvelle-Aymar, Lafay og Servais 2000). Kjósandinn leggur á sig alla vinnuna sem fylgir kosningum en áhrif hans á úrslit kosninganna eru svo lítil að þau tryggja ekki að hagsmunir kjósendans endurspeglast í stefnumótun að kosningum loknum. Ýmsir kennismiðir sætta sig við þá niðurstöðu og segja ákvörðunina að taka þátt í kosningum í eðli sínu órökretta. Aðrir sætta sig alls ekki við að útbreiddasta stjórnarform í heiminum í dag hvíli á órökrettri hegðun einstaklinga. Nýrri breyту hefur því verið bætt í útreikninginn sem ætlað er að skýra ábata kjósendans af kosningaþátttöku og er sú breyту samkvæmt flestum kennismiðum skyldurækni (e. duty). Hugmyndin er að í lýðræðislegum samfélögum telji kjósendur það borgaralega skyldu sína að kjósa og upplifi því tafarlausan ábata þegar þeir hafa greitt atkvæði (Ferejohn og Fiorina 1974, 525). Eins vilja margir bæta því inn í jöfnuna að hagrænir kjósendur séu meðvitaðir um að með því að kjósa taki þeir þátt í hefð sem er nauðsynlegt að viðhalda, því kjósi einstaklingar til þess að setja fordæmi og vegna þess að þeir vilja að aðrir kjósi (Fauvelle-Aymar, Lafay og Servais 2000, 394).

2.2 Kenningar um hagræna kosningahegðun

Kenningar um hagræna kosningahegðun falla undir kenningar um baksýna kosningahegðun (e. retrospective voting) sem vísar til þess að gengið er út frá því að kjósendur horfi í baksýnispegilinn og meti frambjóðendur út frá fyrri frammistöðu þeirra, í stað þess að líta fram á við og taka mið af kosningaloforðum og stefnumálum (Giuliani 2017, 5). Kenningar um hagræna kosningahegðun (e. economic voting) tilheyra hagrænni skýringarhefð um stjórnmalapáttöku og eru með áhrifamestu kenningum um kosningahegðun fyrr og síðar. V.O Key er almennt talinn upphafsmaður kenninganna (Dassonneville, Claes og Lewis-Beck 2016, 6) en þær snúast um það að kjósendur hagi atkvæðum sínum eftir efnahagsástandinu hverju sinni og noti kosningar sem tæki til að refsa eða umbuna sitjandi flokkum og/eða einstaklingum. (sjá t.d. Dassonneville, Claes og Lewis-Beck 2016, 6; Fauvelle-Aymar og Lewis-Beck 2011, 6). Kjósendur refsa sitjandi ráðafólki þegar efnahagsástandið er slæmt en umbuna því þegar vel gengur. Þar sem kenningar um hagræna kosningahegðun tilheyra kenningum um skynsemisval ganga þær út frá því að kjósendur leitist ávallt við að hámarka nytjar sínar og þess vegna kjósa þeir ekki frambjóðanda eða flokk sem valdið hefur fjárhagserfiðleikum.

Eitt frægasta dæmið um hagræna kosningahegðun í verki er sigur Bill Clinton í forsetakosningum í Bandaríkjunum árið 1992, en eitt helstu slagorða herferðar Clinton var „it’s the economy, stupid“, sem þýða mætti sem „það er efnahagsástandið, bjáni“. Uppruna slagorðsins má rekja til skiltis sem einn kosningaráðgjafa herferðarinnar hengdi á vegg höfuðstöðva hennar. Á skiltinu voru þrenn slagorð til innblásturs fyrir starfsmenn herferðarinnar og var eitt þeirra ofangreint slagorð. Kosningabarátta Clinton lagði mikla áherslu á efnahagsmál og gagnrýndi aðgerðarleysi þáverandi Bandaríkjaforseta, George H.W. Bush, í efnahagsharðindum undanfarinna ára. Þau harðindi eru af mörgum talin hafa stuðlað að slæmu gengi Bush í kosningunum og sigri Clinton (Riley e.d.).

Fjölmargar rannsóknir, bæði á einstaklingum og samfélagsheildum, í mjög fjölbreyttum og ólíkum lýðræðisríkjum (Lewis-Beck og Whitten 2013) hafa sýnt fram á hagræn áhrif í kosningaúrslitum (Dassonneville, Claes og Lewis-Beck 2016, 6). Vissulega er líklegt að margar ólíkar breytur hafi áhrif á úrslit kosninga en efnahagsástandið er víðast hvar talið vera sterkur áhrifaþáttur í kosningum á ýmsum stjórnsýslustigum. Powell og Whitten (1993) rannsaka kosningaúrslit í 19 iðnvæddum lýðræðisríkjum á 19 ára tímabili á seinni hluta 20. aldar. Þeir sýna fram á mismunandi fylgni efnahagsástands og gengi ríkisstjórna í kosningum eftir

staðsetningu valdafólks á vinstri-hægri ásnum. Ríkisstjórnir sem flokka mátti til hægri báðu meiri skaða af efnahagsharðindum í kosningum heldur en ríkisstjórnir sem flokka mátti til vinstri eða á miðjum ásnum. Þeir félagar rannsökuðu, líkt og margir kennismiðir í árdaga kenninganna, áhrif efnahagsþátta á þingkosningar. Almenn virtust rannsakendur þess tíma hafa meiri áhuga á almennum stefnum og straumum í hagrænni kosningahegðun og áhrifum hennar á þing- og forsetakosningar heldur en á einstaka tilfellum og mögulegum áhrifaþáttum.

Wilkin, Haller og Norpoth (1997) leitast við að staðfesta áhrif efnahagsins á kosningar og rannsaka niðurstöður þingkosninga í 38 ríkjum um allan heim. Skilyrðin fyrir því að ríki væri tekið til rannsóknar voru þrenn. Í fyrsta lagi þurftu lýðræðislegar kosningar að hafa verið haldnar í viðkomandi ríki tvisvar í röð, í öðru lagi þurfti ríkisstjórn í viðkomandi ríki að hafa haldist stöðug á milli kosninga og í þriðja lagi þurfti að vera hægt að nálgast áreiðanlegar upplýsingar um niðurstöður kosninganna og efnahagsástand í ríkinu. Niðurstöður rannsóknarinnar eru að úrslit kosninga í mjög fjölbreyttu pólitísku umhverfi verða fyrir áhrifum af efnahagsástandinu og telja rannsakendur sig hafa rennt stoðum undir kenningar um hagræna kosningahegðun. Þeir benda þó á að áhrif efnahagsástands á niðurstöður kosninga eru óstöðug og styrkleiki þeirra virðist velta á eiginleikum þess ríkis sem rannsakað er hverju sinni. Eins taka þeir fram að niðurstöður þeirra sýni ekki fram á að efnahagsástandið sé helsti áhrifaþátturinn þegar kemur að kosningahegðun heldur einungis að áhrif hans séu til staðar í niðurstöðum kosninga í öllum þessum ríkjum, aðrir mögulegir áhrifaþættir eru ekki rannsakaðir.

Rannsóknir hafa sýnt fram á að langtímaminni kjósenda er mjög ábótavant þegar kemur að hagrænni kosningahegðun (Partin 1995; De Benedictis-Kessner og Warshaw 2020). Áhrif efnahagsins á gengi sitjandi ráðafólks virðist að einhverju leyti háð því hversu nýlega breytingar á efnahagsástandinu áttu sér stað. Ef uppsveifla hefur orðið í efnahagslífinu árið fyrir kosningar eru miklar líkur á að sitjandi ráðafólki sé umbunað og að sama skapi refsað ef niðursveifla varð á undanfögnu ári. Ef aftur á móti upp- eða niðursveifla átti sér stað fyrir meira en ári eru dvínandi líkur á því að sitjandi ráðafólki sé umbunað eða refsað. Því hefur þessi nærsýni kjósenda áhrif á hagræna kosningahegðun í verki.

Fjöldinn allur af fræðafólki hefur rannsakað hagræna kosningahegðun og staðfest áhrif efnahagsástandsins á niðurstöður þing- og forsetakosninga í ólíkum lýðræðisríkjum um allan heim (sjá t.d. Powell og Whitten 1993; Dassonneville og Lewis-Beck 2014; Lewis-Beck og

Stegmaier 2000; Fiorina 1978). Þegar á heildina er litið sammælast rannsakendur um það að efnahagsástandið hafi tvímælaust áhrif á niðurstöður kosninga en tvennt er þó mikilvægt í því samhengi. Annars vegar er mikilvægt að viðurkenna áhrif annarra þátta á niðurstöður kosninga, en erfitt er að sýna fram á með óyggjandi hætti hversu mikil áhrif efnahagsástandið eitt og sér hefur á niðurstöður kosninga. Aðrir mögulegir áhrifaþættir væru til dæmis flokkshollusta, félagsmótun og áhrif uppeldis og samsömun með ákveðinni hugmyndafræði, eða skýringar sem falla myndu undir hina félagslegu kenningahefð sem farið var yfir hér að ofan.

Hins vegar er mikilvægt að hafa í huga að varasamt er að yfirfæra þá vitneskju sem til staðar er um áhrif efnahagsástandsins á úrslit kosninga yfir á kosningahegðun einstaka kjósenda og framkvæma þar með svokallaða heildarökvillu (e. ecological fallacy). Heildarrökvilla á sér stað þegar gögn um heildir eru notuð til að draga ályktanir um einstaklinga (sjá t.d. Kramer 1983). Þær rannsóknir sem farið hefur verið yfir hér að ofan eiga það allar sameiginlegt að rannsaka úrslit kosninga, ýmist eru kosningar í mörgum ólíkum ríkum rannsakaðar eða rýnt er sérstaklega í niðurstöður kosninga í ákveðnu ríki. Þær nota allar gögn um heildir, ekki um einstaklinga, og því er erfitt að staðhæfa nokkuð um hugsanaferli eða ákvarðanatöku einstaka kjósenda út frá þeim. Vert er að halda því til haga að hagræn kosningahegðun hefur einnig verið rannsökuð með gögnum um einstaklinga og renna þær rannsóknir stoðum undir kenningar um hagræna kosningahegðun, sýnt hefur verið fram á að mat kjósenda á efnahagsástandinu hefur áhrif á gengi sitjandi ríkisstjórnarflokka í kosningum (Johnston o.fl. 2000; Lewis-Beck, Nadeau og Elias 2008).

2.3 Gagnrýni á kenningar um hagræna kosningahegðun

Hver hefur sinn djöful að draga og kenningar um hagræna kosningahegðun eru ekki lausar við gagnrýni. Hluti af þeirri gagnrýni er einfaldlega gagnrýni á skynsemisval en hún er gjarnan á þann veg að rökhugsun einstaklinga sé ekki eins fullkomin og hagrænar kenningar geri ráð fyrir (Holbrook og Garand 1996). Margir efast um getu einstaklinga til takmarkalausrar skynsemi og benda á að kjósendur hafi einfaldlega ekki nægilega fullkomnar upplýsingar til að taka rökréttustu ákvörðunina í hverjum kosningum. Við því segja síðan margir að almenningur hafi vissulega getu til mjög fágaðrar rökhugsunar og beiti henni við ákvarðanatöku (Steinberger 2015). Hægt er að ræða getu einstaklinga til að vinna upplýsingar og nota þær til ákvarðanatöku fram og til baka en í þessu samhengi skiptir það í raun litlu máli. Hér verður

ekki gert ráð fyrir því að kjósendur séu fullkomnar upplýsingavinnsluvélar sem taki alltaf rökréttustu ákvörðunina hverju sinni. Gengið verður út frá því að kjósendur taki ákvarðanir sem þeir telja að hámarki hag þeirra og byggi þær á þeim upplýsingum sem þeir búa yfir hverju sinni. Hvorki upplýsingarnar né ákvörðunin þarf að vera fullkomin.

Meðal gagnrýni á kenningar um hagræna kosningahegðun má nefna hugmyndir um að þær gefi því ekki gaum hvers konar stefnur hafi leitt af sér efnahagslega velsæld og skorti viðurkenningu á áhrifum ólíkrar stefnumótunar. Né gerir hún ráð fyrir því að frammistaða frambjóðenda í framtíðinni gæti skipt máli, til dæmis kosningaloforð um ákveðnar breytingar. Eins gerir kenningin ekki ráð fyrir því að mögulega séu kjósendur líklegri til að refsa sitjandi valdamönnum fyrir slæmt efnahagsástand heldur en að umbuna þeim fyrir gott efnahagsástand. Samt sem áður hafa kenningar um baksýna kosningahegðun reynst merkilega vel, þrátt fyrir það sem margir kalla einfaldni þeirra. Þó er vert að halda því til haga að sambandið milli efnahagsástandsins og kosningaúrslita virðist óstöðugt og mjög bundið við það kerfi sem rannsakað er hverju sinni (Wilkin, Haller og Norpoth 1997, 303).

Powell og Whitten (1993, 391–92) fjalla um þennan óstöðugleika og segja að þrátt fyrir umfangsmikið safn fræða og rannsókna um hagræna kosningahegðun hafi reynst erfitt að sýna fram á samsvarandi áhrif hennar milli ríkja. Þeir benda á rannsóknir sem sýna fram á töluverðan mun milli ríkja hvað varðar hversu mikið kjósendur refsa sitjandi ráðafólki fyrir slæman efnahag. Þeir setja fram þá kenningu að mat kjósanda á efnahagsástandinu hverju sinni byggi ekki einungis á sérvisku einstaklingsins heldur endurspegli það frekar einkenni stefnumótunar og stjórnsýslu í því ríki sem um ræðir. Með öðrum orðum, pólitískt samhengi skiptir máli. Ein af lykilniðurstöðum þeirra er að ábyrgðarhlutverk ráðafólks verði að vera skýrt til þess að því sé umbunað eða refsað í kosningum. Í rannsókn þeirra voru flokkar sem tilheyrðu minnihluta- og samsteypustjórnnum ólíklegri til að tapa fylgi í kosningum heldur en flokkar sem tilheyrðu meirihlutastjórnnum og eins flokks ríkisstjórnnum. Eins minnst þeir á mikilvægi annarra þátta líkt og hefð fyrir flokksaga í þinginu og fyrirkomulag þingnefnda. Pólitískar stofnanir móta, líkt og gefur að skilja, skilning kjósenda á stjórn máli sem og ákvarðanir þeirra í kosningum. Kosningakerfi eru mjög ólík milli ríkja og uppbygging þeirra, sem og stjórnkerfisins alls, getur haft mikil áhrif á gangverk ábyrgðarskila hverju sinni (van der Kolk 2007).

Sá óstöðugleiki sem rannsóknir hafa sýnt fram á hvað varðar sambandið milli efnahagsástandsins og kosningaúrslita í ólíkum ríkjum þarf ekki að vera merki um veikleika kenningarinnar. Færa má rök fyrir því að þessi óstöðugleiki endurspegli þörfina fyrir því að skoða hagræna kosningahegðun í því ríki sem um ræðir hverju sinni til að hægt sé að draga ályktanir um útbreiðslu fyrirbærisins. Stofnanir lýðræðisins og viðhorf kjósenda til þeirra spili of stórt hlutverk til að hægt sé að heimfæra niðurstöður úr einu ríki á annað.

2.4 Staðbundið efnahagsástand

Í seinni tíð hefur hagræn kosningahegðun verið rannsökuð í auknum mæli með tilliti til lægri stjórnsýslustiga og hafa staðbundnir þættir verið skoðaðir sem áhrifaþættir á hagræna kosningahegðun í kosningum á öllum stjórnsýslustigum. Margir telja nauðsynlegt að skoða staðbundna þætti, jafnvel umfram almenna þætti á landsvísu, vegna áhrifa þeirra á skoðanir kjósenda og heimssýn.

Johnston og félagar (2000) skrifa til dæmis um það hvernig einstaklingar leggja mat á efnahagsástand en mat kjósenda á efnahagsástandinu í bandarískri rannsókn þeirra stjórnaðist af hlutfalli atvinnuleysis í heimaríki þeirra. Forsendurnar sem rannsakendur gefa sér um heimssýn kjósenda í þessu tilfalli eru því þær að hún mótist fyrst og fremst af nærumhverfi þeirra. Færa má rök fyrir því að nákvæmast sé að rannsaka staðbundna efnahagsþætti vegna þess að kjósendur lifa og hrærast í því umhverfi á hverjum degi. Kjósendur taka eftir því ef nágrannar þeirra missa vinnuna, ef vinnufélagar þeirra eiga erfitt með að greiða af lánum, ef eftirspurn eftir fasteignum í þeirra nágrenni er óvenju lítið og svo framvegis.

Rök gegn því að staðbundið efnahagsástandi hafi áhrif á kjósendur umfram efnahagsástand á landsvísu gætu verið á þá leið að í hnattvæddum heimi séu skilin milli nær- og fjærumhverfis ekki nægilega skörp. Kjósendur lesi fjölmiðlaumfjöllun á landsvísu og Internetið geri þeim kleift að fræðast um hvað sem er hvar og hvenær sem er. Því séu kjósendur til jafns meðvitaðir um almennt og staðbundið efnahagsástand og sumir séu jafnvel frekar upplýstir um hið fyrirnefnda.

Eins skiptir máli hvernig rannsakendur gera ráð fyrir því að ábatamat einstaklinga fari fram en hægt er að gera ráð fyrir því að kjósendur hugsi á einstaklingsmiðaðan (e. ego-tropic) eða samfélagsmiðaðan (e. socio-tropic) hátt. Þessi aðgreining snýr að því hverju einstaklingar taka mið af við ákvarðanatöku; líf ég á eiginhagsmunum mína sem svo að þeir varði eingöngu mig og

mína velsæld eða fellur hagur þeirra sem standa mér næst undir mína eiginhagsmuni? Með öðrum orðum, huga kjósendur að hagsæld ákveðins samfélags sem það tilheyrir eða einungis að sinni einstaklingsbundnu hagsæld (Giuliani 2017, 6). Þetta skiptir máli þegar hagræn kosningahegðun er rædd þar sem hægt er að gera ráð fyrir ólíkum upphafsreit hagrænnar hegðunar; hagur annarra getur skipt máli fyrir hagsmunamat kjósenda eða ekki.

De Benedictis-Kessner og Warshaw (2020, 14) komast að þeirri niðurstöðu að úrslit í bæði alríkis- og ríkiskosningum í Bandaríkjunum verða fyrir áhrifum af staðbundnu efnahagsástandi. Eins komast þeir að þeirri niðurstöðu að kjósendur þar vestra virðast refsa eða umbuna flokki sitjandi forseta fyrir staðbundið efnahagsástand í kosningum á öllum stjórnsýslustigum. Niðurstöður þeirra skipta máli vegna þess að þær sýna fram á að áhrif staðbundinna efnahagsmála eru til staðar í öllum kosningum og því er það ekki einungis efnahagsástand á landsvísu sem kjósendur taka tillit til. Þó er vert að taka fram að stjórnskipun Bandaríkjanna hefur sína sérstöðu þar sem þar má finna sambandsstjórn með mjög valdamiklum ríkjum og eru því ábyrgðarskil mun flóknari þar vestra heldur en víðast hvar.

Johnston og félagar (2000) skrifa um áhrif staðbundinna þátta á almennar kosningar í Englandi og Wales og ganga út frá því sem rætt hefur verið hér að ofan; staðbundið umhverfi mótar skoðanir og heimssýn kjósenda og hefur þannig áhrif á atkvæði þeirra. Þau komast að þeirri niðurstöðu að staðbundið efnahagsástand hefur mikil áhrif á kosningar á landsvísu. Áhrifin í rannsókn þeirra voru tvenns konar. Annars vegar var ríkisstjórnin verðlaunuð af kjósendum sem bjuggu á svæðum þar sem hlutfall atvinnuleysis var lágt og hins vegar voru þeir sem töldu stefnu ríkisstjórnarinnar hafa skilað almennri velmegun en ekki sértækri velmegun á lægri stjórnsýslustigum mun ólíklegri til að kjósa sitjandi ríkisstjórnarflokka, þessi áhrif voru sterkust þar sem hlutfall atvinnuleysis var hátt. Rannsakendum þótti sérlega mikilvægar þær niðurstöður að hærra hlutfall atvinnuleysis á ákveðnu svæði leiddi til lægri stuðnings við sitjandi ríkisstjórn. Niðurstöður þessar telja þau styðja þá ályktun að staðbundið samhengi skipti miklu máli þegar kemur að hagrænni kosningahegðun, kjósendur fá vísbendingar um efnahagsástand í nærumhverfi sínu og hegði sér samkvæmt þeim.

Giuliani (2017) kannar áhrif staðbundinna efnahagsþátta á gengi sitjandi ráðafólks í þingkosningum á Ítalíu. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að staðbundið efnahagsástand, sem hann mælir með staðbundnu atvinnuleysi, getur útskýrt sveiflur í stuðningi við sitjandi ráðafólk eftir landshlutum. Tvenna þætti má draga fram sem sérlega áhugaverða í rannsókn hans. Í

fyrsta lagi segir hann hlutfall atvinnuleysis hafa verið mjög mismunandi eftir landshlutum og í öðru lagi var ríkisstjórn Ítalíu á þeim tíma sem rannsóknin fór fram tækniveldisríkisstjórn (e. technocratic). Í upphafi stjórnartíðar þeirrar ríkisstjórnar studdu nær allir flokkar á þingi umboð hennar til að leysa þau vandamál sem til staðar voru á Ítalíu í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Giuliani segir að þrátt fyrir að tækniveldisstjórninni hafi fylgt óskýr verkaskipting og ábyrgðarskil þá hafi kjósendum tekist að greina frá þá flokka sem studdu algerlega við ákveðnar efnahagsstefnur og refsa þeim sérstaklega í kosningunum. Þeim flokkum sem ekki studdu efnahagsstefnurnar var ekki refsað til jafns við aðra flokka í kosningunum 2013. Niðurstöður Giuliani mála tilkomumikla mynd af getu kjósenda til lýðræðislega fagaðrar ákvörðunartöku og renna styrkum stoðum undir kenningar um mikilvægi staðbundinna þátta á hagræna kosningahegðun.

2.5 Hagræn kosningahegðun á lægri stjórnsýslustigum

Ýmsir rannsakendur halda því fram að kosningar á lægri stjórnsýslustigum séu nokkurs konar þjóðaratkvæðagreiðsla um frammistöðu sitjandi ríkisstjórnar. Ákvarðanir kjósenda á lægri stjórnsýslustigum stjórnist því af landlægu ástandi, ekki staðbundnu líkt og rannsakendur sem nefndir voru hér að ofan ganga út frá. Fauvelle-Aymar og Lewis-Beck (2011, 6) fjalla um kosningar í Frakklandi árið 2010 í þessu samhengi og niðurstöður þeirra eru að staðbundnar kosningar í Frakklandi séu sannarlega almennir viðburðir en ekki staðbundnir; þær séu mælikvarði á málefni ríkisstjórnarinnar en ekki staðbundin málefni. Líkt og niðurstöður annarra rannsókna á þessu sviði er vandmeðfarið að yfirfæra niðurstöður þessar á önnur ríki. Það er of margt ólíkt með kosningakerfum, stjórnámálamenningu, hefðum og siðum til að slíkt sé hægt (Powell og Whitten 1993; van der Kolk 2007).

Enn aðrar rannsóknir einblína einfaldlega á hagræna kosningahegðun á lægri stjórnsýslustigum, það er hvort niðurstöður kosninga á lægri stjórnsýslustigum verði fyrir áhrifum frá efnahagsástandinu líkt og sýnt hefur verið fram á á efstu stjórnsýslustigum. Áhrif staðbundins efnahagsástands á niðurstöður kosninga á lægri stjórnsýslustigum hafa verið staðfest á Ítalíu (Martins og Veiga 2013) og Belgíu (Dassonneville, Claes og Lewis-Beck 2016). Eins hafa áhrif almenns efnahagsástands á niðurstöður kosninga á lægri stjórnsýslustigum verið staðfest í Bandaríkjunum (De Benedictis-Kessner og Warshaw 2020; Carsey og Wright 1998). Þó virðast rannsóknir á þessu sviði almennt ekki eins afgerandi og rannsóknir á hagrænni kosningahegðun á efri stjórnsýslustigum. Á meðan sumar rannsóknir komast að

þeirri niðurstöðu að staðbundið efnahagsástand skipti höfuðmáli komast aðrar að öfugri niðurstöðu, að almennt efnahagsástand hafi mun meiri áhrif en staðbundið á niðurstöður kosninga á lægri stjórnsýslustigum. Enn fremur eru rannsóknir sem snúa að sveitarfélögum hlutfallslega fáar en mun meira er um rannsóknir á hagrænni kosningahegðun á stigi stærri umdæma eða ríkja, í þeim tilfellum þar sem um alríkisstjórn er að ræða (Martins og Veiga 2013, 319).

Í þessu samhengi má einnig velta fyrir sér hvernig og hvaðan kjósendur fá upplýsingar um efnahagsmál, hvort sem þau eru staðbundin eða almenn. Færa má rök fyrir því að fjölmiðlar séu mikilvægur þáttur þegar kemur að þeim upplýsingum sem kjósendur búa yfir. Upplýsingagjöf fjölmiðla hefur ekki verið rannsökuð nægilega í samhengi við hagræna kosningahegðun (Lewis-beck og Stegmaier 2000), en vitneskja kjósenda um efnahagsástandið kemur að miklu leyti frá fréttáflutningi fjölmiðla. Því má áætla að mikilvægt sé að afla frekari upplýsinga um sambandið milli fjölmiðla og hagrænna áhrifa í kosninganiðurstöðum. Skortur á rannsóknum leiðir til þess að þekking á nákvæmu gangverki þessara áhrifa er mjög takmörkuð (De Benedictis-Kessner og Warshaw 2020).

Að lokum má skoða valddreifingu milli stjórnsýslustiga. Telja má mikilvægt að stjórnvöld á lægri stjórnsýslustigum hafi völd til að hafa áhrif á staðbundið efnahagsástand ef kjósendur eiga að refsa eða umbuna þeim fyrir ástand þess. Á hinn bóginn má einnig færa rök fyrir því að það sé alls ekki mikilvægt. Líkt og snert hefur verið á hér að ofan þarf ákvörðun kjósenda ekki að vera sú fullkomnasta í stöðunni hverju sinni til að teljast hagræn kosningahegðun. Kjósendur nota þær upplýsingar sem þeir hafa til að taka ákvörðun hverju sinni. Færa má rök fyrir því að skynjun kjósandans sé það eina sem skiptir máli og hana er erfitt að leggja mat á. Með öðrum orðum, þótt kjósandinn refsi eða umbuni sitjandi ráðafólki í kosningum þarf það ekki að vera svo að það ráðafólk beri í raun ábyrgð á því efnahagsástandi sem ríkir í stjórnsýslueiningunni. Kjósandinn þarf ekki að vera sérfróður um valddreifingu milli stjórnsýslustiga í efnahagsmálum til að kjósa á hagrænan hátt, upplýsingar kjósenda eru sjaldnast fullkomnar.

3 Íslenska tilvikið

Töluvert hefur verið skrifað um hagræna kosningahegðun í Bandaríkjunum (sjá t.d. De Benedictis-Kessner og Warshaw 2020; Fiorina 1978; Ebeid og Rodden 2006) og eins víða í Evrópu (sjá t.d. van der Kolk 2007; Wilkin, Haller og Norpoth 1997; Giuliani 2017;

Dassonneville, Claes og Lewis-Beck 2016) en fyrirbærið hefur lítið verið rannsakað á Íslandi. Indriði H. Indriðason hefur að einhverju leyti kannað hagræna kosningahegðun hérlendis en hann skrifar annars vegar um áhrif efnahagshrunsins 2008 á niðurstöður Alþingiskosninganna árið 2009 (Indriði H. Indriðason 2014) og hins vegar ásamt fleirum um kosningasigur Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í Alþingiskosningum 2013, þrátt fyrir þá ábyrgð sem flokkarnir voru taldir bera á efnahagshruninu 2008 (Indriði H. Indriðason o.fl. 2017). Gunnar Helgi Kristinsson (2001, 115–16; 2007, 258) skrifar, meðal annars, um mögulega áhrifaþætti landsmála í úrslitum sveitarstjórnarkosninga. Gunnar Helgi vekur athygli á því að á tímabilinu 1974-98 hafi ríkisstjórnarflokkar að meðaltali tapað 1% fylgi þar sem þeir buðu fram til sveitarstjórna á meðan stjórnarandstöðuflokkar hafi grætt að meðaltali 5% fylgi. Hann segir þetta vísbendingu um það að sveitarstjórnarmál hafi minna vægi í augum kjósenda heldur en landsmálin þegar kemur að sveitarstjórnarkosningum.

Fyrir utan ofangreind verk er lítið um birtar rannsóknir á fyrirbærinu hérlendis. Nauðsynlegt er að gera betur grein fyrir áhrifum efnahagsástandsins á íslenskar kosningar. Rannsóknir Indriða eru mikilvæg innlegg en fjallar um mjög viðamikið efnahagshrun, líklegt er að áhrif þess lúti öðrum lögmálum en áhrif hefðbundinna sveifla í efnahagslífinu. Hvað varðar skrif Gunnars Helga þá fjallar verk hans almennt um sveitarstjórnarstigið á Íslandi en ekki sérstaklega um hagræna kosningahegðun. Þrátt fyrir það er framlag hans mikilvægt og vert er að halda því til haga að hann telur ekki líklegt að hagræn kosningahegðun eigi sér stað í sveitarstjórnarkosningum á Íslandi.

3.1 Íslenskar ríkisstjórnir

Ríkisstjórnir á Íslandi eru nær undantekningarlaust samsteypustjórnir tveggja eða fleiri þingflokka. Frá stofnun lýðveldisins árið 1944 hafa fjórar minnihlutastjórnir verið myndaðar og voru þær allar til bráðabirgða þar til meirihlutastjórn var síðar mynduð, annars eru íslenskar ríkisstjórnir ávallt meirihlutastjórnir (Stefanía Óskarsdóttir 2011, 295). Líkt og rætt hefur verið að ofan geta einkenni ríkisstjórna haft áhrif á hagræna kosningahegðun en ábyrgðarskil geta verið óljósari í þeim tilfellum þar sem um samsteypustjórnir er að ræða. Því mætti færa rök fyrir því að einkenni íslenskra ríkisstjórna séu til þess fallin að draga úr hagrænni kosningahegðun.

Engu að síður einkennist íslenskt stjórnkerfi af ráðherrastjórnsýslu, sem í grunninn felst í því að vald ráðherra yfir eigin málaflokki er umtalsvert. Ráðherrar eru æðstu yfirmenn

stjórnsýslunnar á sínu sviði og boðvald ráðherra er mjög víðtækt, ráðherrann er handhafi opinbers valds en ekki ríkisstjórnin. Á ráðherrum hvílir ekki hlýðnisskylda gagnvart neinum og ríkisstjórnin hefur ekki sterku stjórnsýslulegu hlutverki að gegna; hún er fyrst og fremst samráðs- og samhæfingarvettvangur (Fjármálaráðuneytið 2000, 14–17). Með það í huga mætti færa rök fyrir því að kjósendur hafi ágæta hugmynd um hver beri raunverulega ábyrgð í þeim málaflokkum sem um ræðir hverju sinni, ekki þurfi sértækari þekkingu en svo að vita hvaða flokki stakur ráðherra tilheyrir til að draga megi viðkomandi flokk til ábyrgðar. Hversu margir kjósendur búa yfir þeirri þekkingu má þó deila um.

3.2 Íslensk sveitarfélög

Á Íslandi eru tvenn stjórnsýslustig, sveitarfélög og ríki. Tilvist íslenskra sveitarfélaga er varin með 78. grein stjórnarskrárinnar (Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands 1944) en í dag eru sveitarfélögin 69 talsins (Samband íslenskra sveitarfélaga e.d.). Samkvæmt lögum ráða sveitarfélögin málefnum sínum sjálf undir stjórn lýðræðislega kjörinna sveitarstjórna og ekkert málefni sem varðar sérstaklega hagsmuni sveitarfélaga skal útkljáð án aðkomu hennar, jafnframt skal ráðherra sveitarstjórnarmála gæta þess að virða sjálfstjórn sveitarfélaganna (Sveitarstjórnarlög 2011/138 1. og 2. gr.). Um verkefni sveitarfélaganna gildir almennt að þeim er heimilt að taka að sér hvaða verkefni sem þau telja viðeigandi svo lengi sem þeim er ekki bannað það með lögum eða verkefni tilheyra öðrum stofnunum lögum samkvæmt (Eva Marín Hlynsdóttir 2018, 86).

Sjá má að gert er ráð fyrir því í lögum að sveitarfélögin séu að einhverju leyti sjálfstæðar einingar. Um þrjú fjórðu tekna íslenskra sveitarfélaga koma frá skattheimtu en ekkert OECD ríki státar af hærra hlutfalli (OECD 2019, 345-6). Þetta gefur til kynna umtalsverða efnahagslega valddreifingu milli ríkis og sveitarfélaga þar sem einungis 11% af tekjum sveitarfélaga koma frá styrkjum ríkisvaldsins. Því má segja að sveitarfélög á Íslandi hafi töluvert svigrúm til að athafna sig, með fjármunum sem koma beint frá íbúum þeirra, en gera má ráð fyrir því að styrkjum ríkisvaldsins fylgi reglur og skilyrði um nýtingu þeirra.

Viðleitni Norðurlandarákjanna hefur almennt verið á þann veg að fela sveitarfélögum aukna ábyrgð og verkefni og stuðla að aukinni valddreifingu milli ríkis og sveitarfélaga (Gunnar Helgi Kristinsson 2001, 47–48). Íslensk sveitarfélög hafa tekið við töluverðu magni af verkefnum á undanförunum áratugum (Eva Marín Hlynsdóttir 2019) en þar má nefna samfélagsþjónustu, skipulagsmál, fráveitukerfi og menntun, sem er dýrasta viðfangsefni

sveitarfélaganna. Að meðaltali fer um helmingur tekna sveitarfélaga beint í menntamál (Eva Marín Hlynsdóttir 2018, 87) og segja má að það takmarki að vissu leyti þetta mikla fjárhagslega sjálfstæði íslenskra sveitarfélaga sem rætt var hér að ofan. Þótt þeim séu ekki miklar formlegar skorður settar þá búa þau sannarlega yfir takmörkuðu fjármagni og þar má segja að helstu hömlur á athafnafrelsi íslenskra sveitarfélaga liggja.

Ofangreindar vangaveltur um sveitarstjórnarstigið á Íslandi skipta máli þegar hagræn kosningahegðun er rædd. Ef röksemdarfærslan er á þá leið að kjósendur refsí sitjandi meirihluta í sveitarstjórn fyrir slæmt efnahagsástand og umbuni þeim í uppgangi þá hljóta kjósendur að einhverju leyti að sjá sveitarstjórnarflokka sem raunverulega valdhafa, hvort sem sú skynjun kjósenda er réttmæt eða ekki. Miklar sameiningar hafa átt sér stað meðal íslenskra sveitarfélaga á undanförunum áratugum og ein af stærstu ástæðunum að baki þeirra hefur verið að auka umsvif og bolmagn sveitarfélaganna (Eva Marín Hlynsdóttir 2019). Því má færa rök fyrir því að vald sveitarstjórnarfólks hafi aukist og þar með sýn kjósenda á stjórnvöld innan sveitarfélaga breyst. Eins má færa rök fyrir því að sveitarstjórnarfólk á Íslandi hafi raunverulegt svigrúm til ákvarðanatöku í krafti laga- og fjárhagslegs frelslis sveitarfélaganna. Af því leiðir að hægt er að færa rök fyrir því að hagræn kosningahegðun í sveitarstjórnarkosningum á Íslandi sé möguleg og að líkurnar á henni hafi aukist á undanförunum árum og áratugum.

Eins skiptir máli að velta fyrir sér stjórn málaflökkum á Íslandi. Líkt og fram hefur komið telja margir að líta megi á staðbundnar kosningar sem mælikvarða á frammistöðu ríkisstjórnarinnar; að kjósendur noti þær til að refsa eða umbuna sitjandi ríkisstjórnarflokkum, ekki sitjandi meirihlutflokkum á sveitarstjórnarstigi. Þar skiptir máli hvaða flokkar eru í framboði, ef stjórn mála á lægri stjórnsýslustigum snúast fyrst og fremst um staðbundin málefni og flokkar myndast eftir staðbundnum línunum má gera ráð fyrir því að kosningar á lægri stjórnsýslustigum séu alls ótengdar kosningum á efri stjórnsýslustigum. Ýmsir listar bjóða fram á sveitarstjórnarstigi á Íslandi, sum framboðin eru þau sömu og í alþingiskosningum en eins má finna ýmsa lista sem kalla má hreina sveitarfélagslista þar sem þeir spretta upp úr málefnum sveitarfélagsins. Jafnframt má finna þar lista sem soðnir hafa verið saman úr landsmálaflökkum eftir þörfum í hverju sveitarfélagi fyrir sig (Gunnar Helgi Kristinsson 2001, 106).

Samkvæmt rannsókn Gunnars Helga (ibid., 108) frá árinu 1994 á fjölda staðbundinna framboða má sjá að eftir því sem sveitarfélögin eru minni er meira um staðbundin framboð. Vert er að taka fram að síðan 1995 hefur sveitarfélögum fækkað úr í 170 í 69 (sjá Samband

Íslenskra sveitarfélaga e.d.) og því má áætla að mörg smæstu sveitarfélaganna í rannsókn Gunnars Helga hafi í dag sameinast öðrum. Þrátt fyrir það málal rannsókn hans lýsandi mynd af framboðslistum í sveitarfélögum landsins; staðbundnir listar eru mun algengari í smærri sveitarfélögum heldur en í þeim stærri. Í allra minnstu sveitarfélögunum fer fram óhlutbundin kosning og því eru engir listar boðnir fram. Eins er vert að taka fram að í mörgum sveitarfélögum landsins er mikil velta í úrvali af framboðslistum milli kosninga; listar sameinast gjarnan og klopna milli kosninga og á þetta sérstaklega við í smærri sveitarfélögunum og þeim sem sameinast hafa öðrum milli kosninga.

Síðan árið 2002 hafa landsmálaflokkar alltaf fengið á milli 38% og 45% sæta í sveitarstjórnnum en þar eru niðurstöður allra sveitarstjórnarkosninga 2002-2018 undir, bæði hlutbundnar og óhlutbundnar (útreikningar höfundar). Því má sjá að landsmálaflokkar hafa einhverja nærveru í sveitarstjórnnum en eru ekki fleiri en staðbundin framboð. Í þessari rannsókn eru landsmálaflokkar allir þeir flokkar sem hafa sama listabókstaf og að hluta til sama nafn og flokkar sem bjóða fram til Alþingis. Í smærri sveitarfélögum bera landsmálaflokkar gjarnan nafn sem er örlítið frábrugðið nafni flokksins á Alþingi en nokkuð ljóst er að flokkurinn sé fulltrúi landsmálaflokksins á sveitarstjórnarstiginu. Því er til dæmis Dalabyggðarlisti í Dalabyggð, með listabókstafinn S, staðbundið framboð en B listi Framsóknar og annarra framfarasinna í Húnaþingi Vestra flokkast sem landsmálaflokkur.

Þegar landsmála- og sveitarstjórnarflokkar eru ræddir er mikilvægt að hafa tvenna þætti í huga: í fyrsta lagi starf flokkanna og í öðru lagi skynjun kjósenda á starfi flokkanna. Landsmálaflokkar sem bjóða fram í sveitarstjórnarkosningum starfa ekki endilega sem bein framlenging af landsmálaflokknum og hvort sem þeir gera það eða ekki er ekki víst að kjósendur í sveitarstjórnarkosningum líti á flokkinn sem beina framlengingu af landsmálaflokknum.

Hvað varðar fyrri þáttinn er vert að minnast á að stundum fellur eplið ansi langt frá eikinni, þótt flokkur í framboði í sveitarstjórnarkosningum beri sama nafn og flokkur í framboði í alþingiskosningum þarf það ekki að vera svo að þeir séu með öllu samhljóða. Gunnar Helgi Kristinsson (2001, 114–15) tekur áhugavert dæmi þegar hann ræðir áhrif staðbundinna þátta á sveitarstjórnarkosningar. Hann segir frá meirihlutasamkomulagi Sjálfstæðisflokksins og Alþýðubandalagsins á Fáskrúðsfirði árið 1997 og sameiginlegu framboði flokkanna í kosningum ári seinna. Það þætti auðvitað óvenjulegt á Alþingi ef sósíalískur flokkur gengi í

meirihlutasamstarf með íhaldsflokki en Gunnar Helgi bendir á að þetta sé lýsandi fyrir þann mun sem er á sveitarstjórnarpólitík og landsmálapólitík. Því er hægt að færa rök fyrir því að flokkar í framboði á sveitarstjórnarstigi séu ekki endilega þeir sömu og þeir sem eru í framboði til Alþingis þótt þeir beri sama nafn.

Hvað varðar seinni þáttinn, skynjun kjósenda, greinir Gunnar Helgi Kristinsson (2001, 107) frá niðurstöðum spurningakönnunnar meðal sveitarstjóra og oddvita í sveitarfélögum þar sem þau eru beðin að meta hvort stjórnámál í sveitarfélögum fylgi svipuðum línunum og í landsmálum eða séu sérstaks eðlis. 67% allra sveitarstjóra og oddvita telja stjórnámál í sveitarfélögum vera sérstaks eðlis og telur Gunnar Helgi þetta endurspegla þá staðreynd að stjórnámálastarf á hverjum stað fari að miklu leyti eftir staðbundnum hagsmunum og áhugamálum íbúanna. Eins segir hann stjórnámálastarfsemi ekki vera samfellda á milli stjórnsýslustiga og flokksfélög almennt ekki starfandi milli kosninga. Færa má rök fyrir að þetta viðhorf haldist svipað síðan rannsókn Gunnars var gerð; almenningur dragi almennt línu milli stjórnamála á Alþingi og stjórnamála í sveitarstjórnnum.

Íslenska sveitarstjórnarkerfið er áhugamannakerfi (e. layman system) þar sem sveitarstjórnarfulltrúar sinna þeim störfum í hjáverkum en eru ekki atvinnumenn, eina undantekningin á þeirri reglu er Reykjavíkurborg en þar starfa borgarfulltrúar einungis sem slíkir (Eva Marín Hlynsdóttir 2020, 63). Sá munur er því á Alþingismönnum og sveitarstjórnarfulltrúum að meðlimir fyrrnefnda hópsins starfa einungis sem stjórnámálamenn en í hinum síðarnefnda eru stjórnámalin aukastarf. Jafnframt er mikil starfsmannavelta á framboðslistum í íslenskum sveitarfélögum en að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum eru að meðaltali 60% sveitarstjórnarfulltrúum nýliðar sem hafa aldrei setið í sveitarstjórn áður (Eva Marín Hlynsdóttir 2018, 63). Af ofantöldum ástæðum má færa rök fyrir því að kjósendur á Íslandi líti ekki á staðbundin stjórnámál sem framlengingu af stjórnámálum á Alþingi.

Hér að ofan var minnst á mögulegt mikilvægi fjölmiðla þegar kemur að hagrænni kosningahegðun en það samband hefur hvergi verið rannsakað nægilega til að draga ályktanir um áhrif þess, hvað þá á Íslandi. Þó er vert að taka fram að staðbundnir fréttamiðlar hafa alltaf verið kraftlitlir á Íslandi samanborið við almenna fjölmiðla sem fjalla um málefni landsins alls (Valgerður Jóhannsdóttir og Jón Gunnar Ólafsson 2018). Staðbundnir fjölmiðlar á Íslandi eru ekki nægilega sterkir til að flytja ítarlegar fréttir af staðbundnu ástandi sem gerir það að verkum að almennar fréttir fá mögulega meira vægi í augum kjósenda en staðbundnar fréttir.

Því má vel spyrja sig hvort upplýsingagjöf um staðbundið efnahagsástand sé síðri en upplýsingagjöf um efnahagsástand á landsvísu á Íslandi og þá hvort það hafi áhrif á hagræna kosningahegðun íslenskra kjósenda. Fjölmiðlaumfjöllun verður ekki rannsökuð sérstaklega hér en vert er að hafa þetta í huga þegar rýnt er í hagræna kosningahegðun í íslensku samhengi.

4 Tilgáttur

Eftirfarandi atriði hafa verið útlustuð á ítarlegan hátt hér að ofan og skipta máli í samhengi við þær tilgáttur sem kannaðar verða í rannsókn þessari. Hagræn kosningahegðun er margrannsakað fyrirbæri og sýnt hefur verið fram á áhrif efnahagsástandsins á niðurstöður kosninga í fjölmörgum lýðræðisríkjum. Rannsóknir á hagrænni kosningahegðun á efri stjórnsýslustigum eru mun algengari en rannsóknir á hagrænni kosningahegðun á lægri stjórnsýslustigum og því er mikilvægt að auka þekkingu okkar á því sviði. Mikilvægi lægri stjórnsýslustiga felst meðal annars í því að lífssýn kjósenda mótast mikið af þeirra nærumhverfi, almenningur fær upplýsingar um staðbundið efnahagsástand þaðan og tengir þær við það umhverfi frekar en landið allt. Hvað varðar Ísland eru íslensk sveitarfélög tiltölulega sjálfstæðar einingar og fjöldi verkefna þeirra hefur aukist á undangengnum áratugum samhliða miklum sameiningum sveitarfélaga, þar með hefur bolmagn sveitarfélaga og vald sveitarstjórnarfulltrúa aukist. Af því leiðir að hægt er að færa rök fyrir því að líkurnar hafi aukist á því að kjósendur telji sveitarstjórnir bera ábyrgð á staðbundnu efnahagsástandi. Því ætti fylgi sitjandi meirihluta í sveitarstjórnarkosningum að dvína þegar efnahagsástand versnar og aukast þegar efnahagsástand styrkist (tilgáta 1).

Færa má rök fyrir því að ábyrgðarskil íslenskra ríkisstjórna séu óskýr þar sem nær algilt er að þær séu samsteypustjórnir, ekki er hægt að gera ráð fyrir því að nægilega stór hluti kjósenda fylgist það náði með málefnum ríkisstjórnarinnar til að ráðherrastjórnsýslan vegi upp á móti skorti á ábyrgðarskilum samsteypustjórna. Enn fremur er viss aðskilnaður til staðar milli landsmálaflokka sem bjóða fram í Alþingiskosningum og landsmálaflokka sem bjóða fram í sveitarstjórnarkosningum, en færa má rök fyrir því að þessi aðskilnaður sé til staðar bæði í starfi flokkanna og í skynjun kjósenda á starfi flokkanna. Sveitarstjórnarkosningar einkennast einnig af mikilli veltu á framboðum flokka á milli kosninga og staðbundna flokka er erfitt að tengja við landsmálin. Af þeim ástæðum má staðhæfa að erfitt sé að færa rök fyrir því að sveitarstjórnarkosningar á Íslandi séu atkvæðagreiðsla um frammistöðu ríkisstjórnarinnar. Því

hefur staðbundið efnahagsástand ekki áhrif á gengi sitjandi ríkisstjórnarflokka í sveitarstjórnarkosningum (tilgáta 2).

5 Gögn og aðferðir

Notast verður við meginlega rannsóknaraðferð til að kanna ofangreindar tilgátur og tilgreiningarinnar verða niðurstöður úr sveitarstjórnarkosningum frá árunum 2006 til 2018 notaðar. Hagræn kosningahegðun í sveitarstjórnarkosningum hefur ekki verið skoðuð hér á landi með þeim hætti sem hér er gert og því er verðmætt að framkvæma almenna greiningu á gögnum yfir langan tíma, þess vegna er meginlegt rannsóknarsnið notað við þessa rannsókn.

Gögnunum safnaði ég saman úr ýmsum áttum en til að framkvæma rannsóknina þurfti upplýsingar um staðbundið efnahagsástand, hlutfall atkvæða flokka í framboði í sveitastjórnarkosningum í prósentustigum, fjölda kjörinna fulltrúa þeirra flokka og hvort flokkur var í meirihluta þegar kosningar fóru fram eða ekki. Háða breytan er breytingar á fylgi sitjandi meirihlutflokka í sveitarstjórnarkosningum og helsta óháða breytan er staðbundið efnahagsástand, sem mælt er með staðbundnu atvinnuleysi. Samkvæmt tilgátum er búist við að samband þeirra yrði á þann veg að þegar hlutfall atvinnuleysis eykst dvínar fylgi sitjandi meirihlutflokka miðað við síðustu kosningar. Þegar hlutfall atvinnuleysis aftur á móti minnkar ætti fylgi sitjandi meirihlutflokka að aukast miðað við síðustu kosningar.

Gagnabankinn býr annars vegar yfir upplýsingum um fylgisbreytingar meirihlutflokka og hins vegar um meirihluta í heild sinni. Gjarnan er einhver munur þar á, sem dæmi var meðalfylgisbreyting meirihlutflokka í Kópavogi árið 2018 2% tap á meðan meðalfylgisbreyting meirihluta í heild sinni það ár í Kópavogi var 3,9% tap. Gagnlegt er að skoða bæði meirihlutflokka og meirihlutann í heild sinni vegna þeirrar skekkju sem myndast getur ef meirihlutflokkar eru eina greiningareiningin. Líkt og fram hefur komið verða oft breytingar á flokkum milli sveitarstjórnarkosninga, flokkar sameinast öðrum eða hverfa alveg, landsmálaflokkar bjóða í fyrsta skipti fram í sveitarstjórnarkosningum og sveitarfélög sameinast milli kosninga. Því breytist landslag framboðslista gjarnan milli kosninga og það getur haft áhrif á tölfræðina hvað varðar þá flokka sem voru í meirihluta fyrir kosningar. Með því að skoða breytingar á fylgi meirihluta í heild sinni er hægt að fá hreinni mynd af hagrænni kosningahegðun í sveitarfélögum. Þó er ekki hægt að halda sig eingöngu við meirihluta í heild sinni þar sem áhuginn í þessari rannsókn liggur ekki síður í því að skoða gengi

ríkisstjórnarflokka í sveitarstjórnarkosningum eftir efnahagsástandi. Það er einungis hægt að gera með gögnum um flokka sem voru í meirihluta í sveitarstjórnnum þar sem nauðsynlegt er að hafa upplýsingar um flokkinn sem um ræðir ef greina á hvort hann hafi verið í ríkisstjórn.

Gögn um fjölda kjörinna fulltrúa og fjölda og hlutfall greiddra atkvæða í sveitarstjórnarkosningum voru aðgengileg á vef Hagstofu Íslands og gögn um atvinnuleysi eftir sveitarfélögum voru fengin af vef Vinnumálastofnunar (e.d.). Líkt og fram hefur komið er atvinnuleysi notað til að aðgerðarbinda efnahagsástand en nánar verður fjallað um það hér að neðan. Upplýsingar um hvort flokkur hafi verið í meirihluta voru fengnar úr ýmsum áttum. Eldri gögn um meirihluta í sveitarstjórnnum, frá kosningunum 2002, voru fengin úr umfjöllun ýmissa fréttamiðla í kjölfar kosninganna sem aðgengilegir voru á vef Landsbókasafns Íslands timarit.is. Nýrri gögn voru í flestum tilfellum aðgengileg á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga (e.d.) (hér eftir SÍS) þar sem finna má yfirlit yfir fyrrum meirihluta í öllum sveitarfélögum, eins var umfjöllun ýmissa vefmiðla gagnleg til að finna upplýsingar um meirihluta í sveitarfélögum og niðurstöður sveitarstjórnarkosninga.

Í flestum tilfellum gekk gagnaöflunin vel og auðvelt var að lesa úr fréttum eða yfirlitum frá SÍS hver meirihlutinn hafði verið fyrir kosningar og síðan hvernig staðan var eftir kosningar. Fjölmíðlar fjölluðu gjarnan um hvort meirihluti hafi staðist eða fallið og yfirlit frá SÍS tóku fram hvaða flokkur eða flokkar hefðu verið í meirihluta á viðkomandi kjörtímabili. Þegar sagt var frá því í fjölmíðlum að meirihluti hefði fallið var ávalt tekið fram hvaða meirihluti það hefði verið og þá var augljóst hverjir höfðu verið í meirihluta þegar kosningar áttu sér stað. Þegar fjallað var um að meirihluti hefði staðist kosningar var tekið fram hvaða flokkur það var sem sat í meirihluta að kosningum loknum og því auðsjáanlegt að viðkomandi flokkur hefði einnig verið í meirihluta þegar kosningar fóru fram. Í einhverjum tilfellum var erfitt að nálgast upplýsingar og átti það sérstaklega við þegar um mjög smá sveitarfélög var að ræða sem síðan höfðu sameinast öðrum. Í sérstaklega vandasömum tilfellum var ákveðnum árum í ákveðnum sveitarfélögum einfaldlega sleppt vegna skorts á upplýsingum og þau tilfelli þá ekki notuð til greiningar. Jafnframt verða ekki notuð til greiningarinnar þau tilfelli þar sem um óhlutbundnar kosningar er að ræða, en þess lags kosningar fara fram í smæstu sveitarfélögum.

Breytingar á fylgi sitjandi meirihlutaflókka í sveitarstjórnnum milli kosninga er háða breytingum í greiningunni og er hún mæld í prósentustigum, búist er við breytileika í gengi þeirra flokka eftir áhrifum annarra breyta eins og til dæmis efnahagsástand og hvort meirihlutaflakkur hafi

einnig verið í ríkisstjórn þegar sveitarstjórnarkosningar fóru fram. Með upplýsingum um hlutfall atkvæða flokka er hægt að sjá þá breytingu sem varð á fylgi flokks milli kosninga og þannig er háða breytan mæld¹. Áhuginn í þessari rannsókn er fyrst og fremst á gengi meirihlutflokka og því verða einungis upplýsingar um þá notaðar til greiningarinnar, í gagnabankanum má einnig finna upplýsingar um gengi flokka sem ekki voru í meirihluta.

Helsta óháða breytan er staðbundið efnahagsástand og er það hugtak aðgerðarbundið með staðbundnu atvinnuleysi, notast er við upplýsingar um meðalhlutfall atvinnuleysis í sveitarfélaginu sem um ræðir í maí það ár sem kosningar fóru fram. Breytingar á atvinnuleysi milli ára miðast því við breytingar frá maí til maí. Ólíkt er milli rannsókna á hagrænni kosningahegðun, sem flestar eru erlendar, hvernig aðgerðarbinding hugtaksins „efnahagsástand“ á sér stað. Algengast er að notast við atvinnuleysi en eins er hagvöxtur algengur mælikvarði. Í okkar tilfalli er efnahagsástand aðgerðarbundið á þennan hátt vegna þeirra mörgu kosta sem fylgja því að nota opinberar tölur frá áreiðanlegri heimild, en tölur um atvinnuleysi í sveitarfélögum eru aðgengilegar á vef Vinnumálastofnunar líkt og fram hefur komið. Með því að reiða á opinberar tölur er hægt að fá eins nákvæma mynd af raunverulegu ástandi atvinnuleysis og vöð er á, eins er öruggt að ganga út frá því að tölur Vinnumálastofnunar séu nákvæmstu tölurnar sem hægt er að nálgast um hlutfall atvinnuleysis.

Auk þess að skoða áhrif meðalatvinnuleysis í sveitarfélagi það ár sem kosningar fóru fram verða breytingar á atvinnuleysi einnig skoðaðar, því eru breytingar á atvinnuleysi síðustu fjögur árin annars vegar og síðasta eina árið hins vegar einnig mikilvægar óháðar breytur. Gagnlegt er að setja atvinnuleysi í samhengi með þessum hætti til að lagfæra þá skekkju sem myndast gæti með því að skoða eingöngu núverandi atvinnuleysi. Atvinnuleysi er breytilegt milli landshluta og í sumum sveitarfélögum gæti atvinnuleysi almennt verið hærra eða lægra en í öðrum. Þar hafa ýmsir þættir áhrif, til dæmis hvers konar atvinnustarfsemi er fyrirferðamikil á hverju svæði fyrir sig og ólík lýðfræði (e. demographics) sveitarfélaga. Því er

¹Þegar meirihlutflokkur hafði klotnað milli kosninga var það í flestum tilfellum skráð sem svo að ný flokkurinn hafi ekki verið í meirihluta en það sem eftir var af meirihlutflokknum, sá hluti sem hélt nafninu og bókstafnum, hafi verið í meirihluta. Þegar meirihlutflokkur sameinaðist öðrum milli kosninga var ný flokkurinn skráður sem nýr flokkur sem var ekki í meirihluta. Ef meirihlutflokkur bauð ekki fram í næstu kosningum skapaði það ósamræmi í gögnunum, en þá litu gögnin út eins og of fáir eða jafnvel engir sveitarstjórnarmenn hefðu setið undanfarið kjörtímabil. Því var gripið á það ráð að skrá flokkinn sem svo að hann hafi boðið fram í kosningunum en hlotið 0% atkvæða og náð engum manni inn.

atvinnuleysi staðlað með því að taka einnig tillit til breytinga á hlutfalli atvinnulausra en ekki eingöngu hlutfalli atvinnuleysis þau ár sem gengið var til kosninga.

Helstu rökin fyrir því að nota breytingu í hlutfalli atvinnulausra á fjórum árum eru þau að þær tölur spanna kjörtímabil sitjandi meirihluta í sveitarstjórnnum, ef kjósendur vilja leggja mat á frammistöðu sitjandi meirihluta er rökréttast að líta til ástandsins annars vegar áður en kjörtímabil þeirra hófst og hins vegar þegar það er að líða undir lok. Á hinn bóginn má vel efast um að kjósendur framkvæmi svo meðvitað mat á efnahagsástandinu fyrir kosningar. Mat þeirra á efnahagsástandinu og áhrif þess á atkvæði þeirra gæti vel verið ómeðvitað frekar en meðvitað og þá er rökréttara að líta til þeirra breytinga sem urðu á atvinnuleysi árið fyrir kosningar. Líkt og fjallað var um hér að ofan hafa rannsóknir sýnt fram á skort á langtímaminni kjósenda þegar kemur að hagrænni kosningahegðun, því gætu breytingar á atvinnuleysi á einu ári verið betri mælikvarði heldur en breytingar á fjórum árum og telja má mikilvægt að taka báðar breyturnar með í reikninginn.

Meðal ókosta við að notast við tölur um atvinnuleysi til að aðgerðarbinda efnahagsástand mætti nefna að atvinnuleysi segir svo sannarlega ekki alla söguna af efnahagsástandinu. Fleiri þættir spila inn í þegar meta á efnahagsástand og kjósendur finna ekki endilega allir fyrir sveiflum í hlutfalli atvinnulausra. Við því mætti hins vegar segja að ekki sé nein ein breyta betur í stakk búin að mæla efnahagsástand heldur en atvinnuleysi og því sé hún besta valið þegar aðgerðarbinda á svo margslungið hugtak. Eins er vert að minnast á að í þessari greiningu eru sveitarfélög undir, ekki allt landið, og við það fækkar valmöguleikunum á aðgerðarbindingu mjög. Til dæmis er hægt að nálgast upplýsingar um fjárhagsstöðu heimila, skuldir og eignir einstaklinga og hagvöxt en ekki er hægt að skipta þeim tölum upp eftir sveitarfélögum með opinberum gögnum. Atvinnuleysi er mælt í hverju sveitarfélagi fyrir sig og því má segja að í íslenska tilvikinu sé sú breyta best til þess fallin að aðgerðarbinda staðbundið efnahagsástand.

Í þessari rannsókn er fyrst og fremst áhugi fyrir því að skoða áhrif efnahagsástands á gengi sitjandi meirihlutaflokka í sveitarstjórnarkosningum, sem og á gengi sitjandi ríkisstjórnarflokka sem einnig voru í meirihluta, en einnig verða önnur áhrif tekin til greina. Því verða óháðu breyturnar ártal og fjöldi á kjörskrá einnig notaðar. Mikilvægt er að skoða áhrif þeirra á niðurstöður greiningarinnar þar sem mikil fjölbreytni er í íbúafjölda íslenskra sveitarfélaga og mörg þeirra eru mjög lítil, vel gæti verið að hagræn kosningahegðun birtist með ólíkum hætti í misstórum sveitarfélögum. Hvað varðar árið sem kosningar fóru fram er einnig mikilvægt að

stýra fyrir áhrifum þess þar sem stórir viðburðir, svo sem hamfarir af einhverju tagi eða efnahagskreppa, geta haft áhrif á viðhorf kjósenda til sitjandi ráðafólks. Sveitarstjórnarkosningarnar 2010 voru til dæmis fyrstu sveitarstjórnarkosningarnar eftir efnahagshrunið 2008 og sennilegt er að ábyrgðarskil fylgi öðrum lögmálum þegar um svo umfangsmikið áfall er að ræða.

Gögnin verða greind með línulegri aðhvarfsgreiningu, sem er vel til fallin til þess að fanga tengsl milli þeirra breyta sem hér um ræðir: staðbundið efnahagsástand og gengi sitjandi meirihlutaflokka í sveitarstjórnarkosningum annars vegar og staðbundið efnahagsástand og gengi sitjandi ríkisstjórnarflokka sem einnig voru í meirihluta í sveitarstjórnarkosningum hins vegar. Fyrst verður þó lýsandi tölfræði notuð til að fá góða mynd af almennri leitni í gögnum milli ára til að gera betur grein fyrir frávikum. Líkt og fram hefur komið hefur sambærileg rannsókn ekki verið framkvæmd á Íslandi og gagnabankinn sá fyrsti sinnar tegundar hérlendis. Því er verðmætt fyrir margra hluta sakir að setja fram lýsandi tölfræði á niðurstöðum sveitarstjórnarkosninga á árunum 2006-2018.

5.1 Fylgisbreytingar meirihlutaflokka

Líkt og fram hefur komið var ekki hægt að nýta upplýsingar um gengi meirihlutaflokka í öllum sveitarfélögum og því samanstanda gögnin ekki af öllum flokkum sem buðu fram í öllum sveitarfélögum þau ár sem um ræðir. Tölfræði um meirihlutaflokka byggir á gögnum um 267 meirihlutaflokka og tölfræði um meirihluta í heild sinni byggir á gögnum um 187 meirihluta. Gögn um breytingar á fylgi bæði meirihlutaflokka og meirihluta í heild sinni samanstanda af upplýsingum um kosningar í alls 56 sveitarfélögum.

Tafla 1 Meðalbreyting á fylgi, mesta fylgisaukning og mesta fylgistapið í sveitarstjórnarkosningum eftir árum

Ár	Meðalbreyting á fylgi	Mesta fylgisaukningin	Mesta fylgistapið
2006	-4,3%	18,1%	-19,4%
2010	-7,5%	19,7%	-38,2%
2014	-3,3%	22,7%	-43,3%
2018	-6,7%	25,7%	-24,1%
Meðal fylgisbreyting	-5,5%		

Að meðaltali missa meirihlutflokkar 5,5 prósentustiga fylgi milli sveitarstjórnarkosninga, sjá töflu 1, og meirihlutar í heild sinni missa 7,7% fylgi milli kosninga. Meðalfylgistapið er mest árið 2010 í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 og ef þær kosningar eru teknar úr jöfnunni er meðalfylgibreyting meirihlutflokka 4,8% tap. Sjá má að oft tapa meirihlutflokkar mjög miklu fylgi í sveitarstjórnarkosningum og eins bæta sumir flokkar miklu fylgi við sig. Líkt og við er að búast voru mestu sveiflurnar, það er mesta fylgisaukningin og fylgistapið, einkum í smáum sveitarfélögum. Af þeim átta sveitarfélögum sem birtast í töflu 1, þeim fjórum þar sem mesta fylgisaukningin var og þeim fjórum þar sem mesta fylgistapið var, var fjöldi á kjörskrá árið 2020 á bilinu 128 manns, í Súðavíkurbæ, og 3164 manns, í Vestmannaeyjabæ (Samband íslenskra Sveitarfélaga e.d.). Rökrétt er að staðbundin stjórnmál séu sveiflukenndari í smáum sveitarfélögum þar sem fá atkvæði eru stórt hlutfall heildaratkvæða. Eins breytast framboðslistar örar milli kosninga í smærri sveitarfélögum og hátt hlutfall sveitarstjórnarfulltrúa eru nýliðar, sem stuðlað getur enn frekar að óstöðugu fylgi flokka.

5.1.1 Fylgibreytingar meirihlutflokka sem einnig voru í ríkisstjórn

Til að kanna tilgátu 2 þarf upplýsingar um gengi þeirra meirihlutflokka sem einnig voru í ríkisstjórn þegar sveitarstjórnarkosningar fóru fram, í töflu 2 má sjá meðalfylgibreytingu þeirra flokka sem og flokka sem ekki voru í ríkisstjórn eftir árum mælt í prósentustigum.

Tafla 2 Meðalfylgibreyting meirihlutflokka eftir árum, annars vegar þeir flokkar sem einnig voru í ríkisstjórn og hins vegar þeir flokkar sem ekki voru í ríkisstjórn.

Ár	Meðalfylgibreyting meirihlutflokka sem einnig voru í ríkisstjórn	Meðalfylgibreyting meirihlutflokka sem ekki voru í ríkisstjórn
2006	-2,1%	-7,1%
2010	-11,4%	-7%
2014	-0,8%	-5,8%
2018	-5,1%	-7,9%
Meðalfylgibreyting	-3,3%	-7%

Sjá má að meirihlutflokkar sem voru einnig í ríkisstjórn tapa ávallt fylgi milli kosninga en þeir tapa langmestu fylgi árið 2010. Að meðaltali tapa þeir 3,3% fylgi milli kosninga sem er ekki mjög fjarri því fylgi sem meirihlutflokkar tapa, en þeir tapa 5,5%. Einnig má sjá í töflu 2 að þeir meirihlutflokkar sem ekki voru í ríkisstjórn tapa mun meira fylgi heldur en þeir sem voru í ríkisstjórn, út frá þessari tölfræði er því ekki hægt að fullyrða að ríkisstjórnarflokkar tapi almennt meira fylgi heldur en aðrir flokkar.

5.2 Landsmálaflokkar

Í sveitarstjórnarkosningunum 2018 hlutu landsmálaflokkar 217 sveitarstjórnarsæti af 502 sem í boði voru, eða 42% sæta. Svipaðar tölur má sjá á fyrri árum en líkt og fram hefur komið hafa landsmálaflokkar fengið milli 38% og 45% atkvæða í sveitarstjórnarkosningum síðan árið 2002. Framangreindar tölur eiga við um alla flokka sem talist geta til landsmálaflokka, samkvæmt skilgreiningum sem farið hefur verið yfir hér að ofan, en einnig er hægt að meta gengi landsmálaflokka í sveitarstjórnarkosningum með því að skoða gengi Fjórflokksins svokallaða (Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks, Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs). Þessir fjórir flokkar hafa síðan um miðja 20. öld alltaf fengið mestan hluta atkvæða í kosningum til Alþingis (Gunnar Helgi Kristinsson 2007, 107) og því eru þeir góðir fulltrúar fyrir landsmálaflokka almennt og gengi þeirra í sveitarstjórnarkosningum. Fylgi fjórflokksins minnkar að meðaltali um 1,1% milli kosninga en í þeirri tölfræði er einungis um að ræða þá flokka Fjórflokksins sem voru í meirihluta í sveitarstjórnnum þegar sveitarstjórnarkosningar fóru fram. Í töflu 3 má sjá yfirlit yfir fylgibreytingar flokka Fjórflokksins sem einnig voru í meirihluta í sveitarstjórnnum mælt í prósentustigum.

Tafla 3 Breytingar á fylgi Fjórflokksins í sveitarstjórnarkosningum eftir árum

Ár	Framsóknarflokkur	Sjálfstæðisflokkur	Samfylking	Vinstri Græn	Meðalfylgibreyting Fjórflokksins
2006	-4,0%	2,0%	2,2%	3,9%	0,4%
2010	1,0%	-5,8%	-7,0%	-0,8%	-3,4%
2014	0,0%	1,3%	-1,0%	-0,6%	0,3%
2018	-2,5%	0,1%	-3,5%	-0,9%	-1,4%
Meðaltal	-1,2%	-0,8%	-2,8%	0,1%	-1,1%

Sjá má í töflu 3 að meðalbreytingar í fylgi Fjórflokksins í heild sinni sveiflast nokkuð milli kosninga. Árin 2006 og 2014 eykst fylgi hans í heild sinni um brot úr prósentustigi en öll hin árin minnkar fylgi hans. Í fyrstu kosningum eftir efnahagshrunið 2008 dregur mjög úr fylgi Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar í sveitarstjórnarkosningum en þeir flokkar höfðu myndað ríkisstjórn frá Alþingiskosningum 2007 (sjá „Ríkisstjórnartal frá stofnun lýðveldis“) þar til henni var slitið snemma árs 2009 í kjölfar efnahagshrunsins (Geir H. Haarde 2009), við tók minnihlutastjórn Samfylkingarinnar og Vinstri Grænna en Framsóknarflokkurinn varði hana vantrausti (sjá „Ríkisstjórnartal frá stofnun lýðveldis“). Jafnframt má sjá að Samfylkingin tapar

samtals mestu fylgi yfir öll árin en Vinstri Græn eru eini flokkurinn sem eykur fylgi sitt samtals, þótt ekki sé nema um brot úr prósentustigi að ræða.

Tafla 4 Meðalfylgisbreytingar meirihlutflokka og Fjórflokksins í sveitarstjórnarkosningum eftir árum

Ár	Fjórflokkurinn	Allir meirihlutflokkar
2006	0,4%	-4,3%
2010	-3,4%	-7,5%
2014	0,3%	-3,3%
2018	-1,4%	-6,7%
Meðal fylgisbreyting	-1,1%	-5,5%

Í töflu 4 eru fylgisbreytingar fjórflokksins í sveitarstjórnarkosningum bornar saman við fylgisbreytingar allra meirihlutflokka. Sjá má að fylgisbreytingar Fjórflokksins fylgja sömu tilhneigingu og fylgisbreytingar meirihlutflokka almennt en þó er ávallt minni sveifla á fylgisbreytingum hans heldur en fylgisbreytingum allra meirihlutflokka í sveitarstjórnnum. Líkt og farið hefur verið yfir er stjórnmalastarf í sveitarfélögum almennt ekki til staðar milli kosninga, velta á framboðum til sveitarstjórna er mikil milli kosninga og nýliðun á framboðslistum í sveitarstjórnarkosningum er mikil. Því er að vissu leyti rökrétt að í tilfelli sveitarstjórnarkosninga upplifi rötgrónir landsmálaflokkar minni sveiflur í fylgi, meðal annars vegna þess að starf þeirra er samfelld milli kosninga og þeir eru öflugri einingar heldur en margir staðbundnir flokkar.

5.3 Breytileiki í staðbundnu efnahagsástandi

Hvað varðar staðbundið efnahagsástand er það nokkuð breytilegt en helst þó að einhverju leyti í hendur við atvinnuleysi á landsvísu. Almennt mælist mjög lítið atvinnuleysi í fámennustu sveitarfélögum, árið 2006 mældist atvinnuleysi 0% í fimm sveitarfélögum og er fjöldi einstaklinga á kjörskrá í þeim á bilinu 122-545 manns árið sem kosningarnar fóru fram. Atvinnuleysi árið 2006 mældist undir einu prósentu í 24 sveitarfélögum og eru þau blanda af fjölmönnum og fámönnum sveitarfélögum. Þau fimm sveitarfélög með hæsta hlutfall atvinnuleysis þá árið eru af ýmsum stærðum og gerðum en þau eru Djúpavogshreppur, Akureyri, Vesturbyggð, Bolungarvík og Reykjanesbær. Fjöldi á kjörskrá í þeim er allt frá 342 í Djúpavogshreppi upp í 12066 í Akureyrarbæ.

Í maí árið 2010 mældist hlutfall atvinnuleysis hvergi undir einu prósentu, sjá viðauka 1, en efnahagshrunið árið 2008 hafði líklegast áhrif þar. Fjöldi á kjörskrá í þeim fimm sveitarfélögum

þar sem minnsta hlutfall atvinnuleysis mældist var á bilinu 368-3027 manns. Sjá má að ekki er um eins fámenn sveitarfélög að ræða og árið 2006 og áætla má að efnahagshrunið 2008 hafi þar haft áhrif. Sveitarfélögin fimm þar sem hæsta hlutfall atvinnuleysis mældist árið 2010 eru Reykjanesbær, Sveitarfélagið Garður, Sandgerði, Sveitarfélagið Vogar og Sveitarfélagið Árborg. Allt eru það sveitarfélög sem teljast mættu meðalstór þegar kemur að íbúafjölda og fern þeirra eru á Reykjaneskaganum. Árið 2014 mældist atvinnuleysi undir 1% í einu sveitarfélagi og af þeim fimm þar sem minnst atvinnuleysi mælist eru tvö þau sömu og árið 2010, Mýrdalshreppur og Sveitarfélagið Hornafjörður. Fjöldi á kjörskrá í sveitarfélagunum fimm er á bilinu 311-1597. Mesta atvinnuleysið mældist í Sveitarfélaginu Garði, Sandgerði, Sveitarfélaginu Vogum, Reykjanesbæ og Hafnarfirði. Aftur eru þau sveitarfélög af öllum stærðum og gerðum og eru öll nema eitt, Hafnarfjörður, stödd á Reykjaneskaganum. Árið 2018 voru fámenn sveitarfélög aftur með lægst hlutfall atvinnuleysis en fjöldi á kjörskrá var á bilinu 350-1558. Hæsta hlutfall atvinnuleysis mældist í Langanesbyggð, Sveitarfélaginu Ölfus, Fjallabyggð, Sveitarfélaginu Skagaströnd og Vopnafjarðarhreppi. Í viðauka 2 má sjá yfirlit yfir atvinnuleysi í sveitarfélögum árið 2018.

Mýrdalshreppur er á lista yfir þau fimm sveitarfélög þar sem hlutfall atvinnuleysis mælist minnst öll kosningarárin nema 2006. Skeiða- og Gnúpverjahreppur var á listanum árin 2006 og 2018, Rangárþing Eystra árin 2010 og 2018 og Sveitarfélagið Hornafjörður árin 2010, 2014 og 2018. Öll eru þessi sveitarfélög hlutfallslega smá en fjöldi á kjörskrá í þeim árið 2018 var á bilinu 350 í Mýrdalshreppi og 1558 í Sveitarfélaginu Hornafirði, meðaltal fjölda á kjörskrá í þeim var 887,3 manns. Atvinnuleysi virðist alltaf vera mikið á Reykjaneskaganum, sjá viðaukar 1 og 2, en Reykjanesbær er ávallt meðal þeirra sveitarfélaga þar sem hæsta hlutfall atvinnuleysis mælist. Jafnframt hafa önnur sveitarfélög á því svæði verið algengir gestir á listanum yfir mesta atvinnuleysið svo sem Sveitarfélagið Garður, Sveitarfélagið Vogar og Sandgerði.

Sjá má samanburð á atvinnuleysi á landsvísu og atvinnuleysi í sveitarfélögum í töflu 5.

Tafla 5 Yfirlit yfir atvinnuleysi í sveitarfélögum og á landsvísu eftir árum

Ár	Meðalhlutfall atvinnuleysis á landsvísu	Minnsta atvinnuleysi í sveitarfélögum	Mesta atvinnuleysi í sveitarfélögum
Maí 2006	1,3%	0,0%	3,8%
Maí 2010	8,1%	1,5%	14,4%
Maí 2014	3,6%	0,4%	7,3%
Maí 2018	2,2%	0,2%	4,4%

6 Aðhvarfsgreining

Gögnin sem greind eru með aðhvarfsgreiningu skiptast í gögn yfir fylgisbreytingar meirihlutflokka í sveitarstjórnnum annars vegar og yfir meirihluta í heild sinni hins vegar. Farið verður yfir niðurstöður greiningarinnar í tveimur hlutum.

6.1 Flokkar í meirihluta

Tafla 6 Niðurstöður aðhvarfsgreiningar á tengslum staðbundins efnahagsástands við fylgisbreytingar meirihlutflokka í sveitarstjórnarkosningum

	Líkan 1	Líkan 2	Líkan 3	Líkan 4	Líkan 5
Fasti	-0,04** (0,02)	-0,05* (0,02)	-0,04** (0,02)	-0,04** (0,02)	-0,06*** (0,02)
Atvinnuleysi			-0,39 (0,44)	-0,24 (0,44)	
Atvinnuleysi breytingar á 1 ári	1,68* (0,72)			1,62** (0,73)	1,63** (0,71)
Atvinnuleysi breytingar á 4 árum		-0,24 (0,40)			
Var meirihlutflokkur í ríkisstjórn?					0,03* (0,02)
Árið 2010	-0,03 (0,02)	-0,02 (0,03)	-0,01 (0,03)	-0,02 (0,03)	-0,02 (0,02)
Árið 2014	0,01 (0,02)	0,01 (0,02)	0,02 (0,02)	0,01 (0,03)	0,01 (0,02)
Árið 2018	-0,03 (0,02)	-0,03 (0,02)	-0,02 (0,02)	-0,03 (0,02)	-0,03 (0,02)
Fjöldi á kjörskrá	0,003 (0,00)	0,002 (0,00)	0,002 (0,00)	0,003 (0,00)	0,003 (0,00)
Fjöldi tilvika	267	267	267	267	267
R ²	0,04	0,02	0,02	0,04	0,05

$P^* < 0,1$, $p^{**} < 0,05$, $p^{***} < 0,01$. Staðalvilla sýnd í sviga. Gögn um meirihlutflokka. Niðurstöður um ártöl miða við árið 2006. Niðurstöður um fjölda á kjörskrá hafa verið margfaldaðar með 10000.

Við greiningu gagnanna liggur áhugi okkar fyrst og fremst á áhrifum efnahagsástandsins á niðurstöður sveitarstjórnarkosninga og fljótt kemur í ljós að þar ber ein breyta höfuð og herðar yfir aðrar. Í líkani 1 í töflu 6 má sjá greiningu á áhrifum fjölda á kjörskrá, ártalanna 2010, 2014 og 2018 og breytinga á atvinnuleysi einu ári fyrir kosningar á fylgisbreytingar meirihlutflokka í sveitarstjórnarkosningum. Segja má að það líkan sé meginlíkan þessarar rannsóknar þar sem breytingar á atvinnuleysi árið fyrir kosningar eru einu niðurstöðurnar sem tengjast efnahagsástandinu og hafa marktæk áhrif á fylgisbreytingar meirihlutflokka. Áhugaverðast er að sambandið er í þveröfuga átt við það sem fyrri kenningar og rannsóknir á sviðinu segja til um, en samkvæmt niðurstöðum greiningar á líkani 1 eykst fylgi sitjandi meirihlutflokka um 1,7% þegar atvinnuleysi eykst um 1%. Áhrif atvinnuleysis á þeim tíma sem kosningar fóru fram og breytinga á atvinnuleysi á síðustu 4 árum fyrir kosningar á fylgisbreytingar meirihlutflokka eru ekki marktæk en þau má einnig sjá í líkönum 2,3 og 4 í töflu 6.

Til að geta betur greint frá áhrifum efnahagsástandsins á kosningar er nauðsynlegt að stýra fyrir áhrifum annarra breyta eins og til dæmis fjölda einstaklinga á kjörskrá og ártalsins. Við greiningu á áhrifum fjölda á kjörskrá á niðurstöður kosninga kemur fljótlega í ljós að fjöldi á kjörskrá hefur ekki mikil áhrif einn og sér þegar kemur að breytileika í gengi meirihlutflokka í sveitarstjórnnum, sjá töflu 6. Öll líkön hafa svipaða sögu að segja en samkvæmt líkönum 1 til 4 er fylgisaukning meirihlutflokka lítil sem engin þegar fjöldi á kjörskrá eykst um 10000 manns og eru þær niðurstöður ekki marktækar. Þar sem um er að ræða svo lítil áhrif er rökrétt að áætla að fjöldi kjósenda á kjörskrá skipti ekki miklu máli fyrir gengi meirihlutflokka í sveitarstjórnarkosningum.

Ártölin 2010, 2014 og 2018 hækka skýringargildi líkananna og því eru þau höfð með í öllum líkönum. Fjöldi á kjörskrá og ofangreind ártöl útskýra 2% í breytileika í gengi meirihlutflokka í sveitarstjórnarkosningum en þegar breytingu á atvinnuleysi á einu ári er bætt við þá greiningu hækkar skýringargildið í 4%. Ef breytingar á atvinnuleysi á fjórum árum er notað í stað eins hækkar skýringargildið ekki úr 2% og sömu sögu má segja af atvinnuleysi þegar kosningar fóru fram. Í líkani 4 eru áhrif bæði breytinga á atvinnuleysi á einu ári og núverandi atvinnuleysi skoðuð en við það hækkar skýringargildið ekki og er enn 4%. Sjá má í líkani 1 að miðað við gengi meirihlutflokka árið 2006 töpuðu meirihlutflokkar 3,2% fylgi árið 2010 og 2,4% fylgi árið 2018, en græddu 1% fylgi árið 2014. Í töflu 1 má sjá meðalbreytingu á fylgi meirihlutflokka og stemma þessar niðurstöður við tölfræðina í þeirri töflu. Aftur eru þó

niðurstöður aðhvarfsgreiningarinnar ekki marktækar, því er tölfræðilega ekki hægt að fullyrða að fylgisbreytingar meirihlutflokka hafi verið ólíkar árinu 2006 árin 2010, 2014 og 2018.

Engar af ofangreindum niðurstöðum hafa tölfræðilega marktæk áhrif á gengi meirihlutflokka nema áhrif tvenna breyta. Í fyrsta lagi eru áhrif breytinga á atvinnuleysi síðasta eina árið marktæk ef miðað er við 5% þröskuld í tilfelli líkans 4 og 10% þröskuld í tilfelli líkans 1. Samkvæmt líkani 4 ætti fylgisaukning meirihlutflokka að vera 1,6% ef atvinnuleysi hækkar um 1% og hefur líkanið 4% skýringargildi. Sjá má að skýringargildið er ekki hátt en hæsta skýringargildið sem finna má í töflunni er 5%. Önnur áhrif sem einnig eru marktæk eru áhrif þess hvort meirihlutflokkurinn hafi verið í ríkisstjórn þegar sveitarstjórnarkosningar fóru fram, eru þau marktæk ef miðað er við 10% þröskuld. Í líkani 5 má sjá þau áhrif en fylgisaukning meirihlutflokka sem voru í ríkisstjórn ætti að vera 3% miðað við meirihlutflokka sem ekki voru í ríkisstjórn. Líkan 5 útskýrir 5% af breytileika í gengi meirihlutflokka í sveitarstjórnarkosningum sem er hæsta skýringargildið af öllum líkönum sem sýnd eru í töflu 6.

6.1.1 Meirihlutflokkar í ríkisstjórn

Í töflu 6 má sjá áhrif staðbundins efnahagsástands á einungis þá meirihlutflokka í sveitarfélögum sem voru einnig í ríkisstjórn þegar sveitarstjórnarkosningar fóru fram.

Tafla 7 Niðurstöður aðhvarfsgreiningar á tengslum staðbundins efnahagsástands við fylgisbreytingar þeirra meirihlutflokka sem voru einnig í ríkisstjórn þegar sveitarstjórnarkosningar fóru fram

	Líkan 1	Líkan 2	Líkan 3
Fasti	-0,02 (0,02)	-0,02 (0,02)	-0,03 (0,02)
Atvinnuleysi			0,40 (0,88)
Atvinnuleysi breytingar á 1 ári	1,29 (1,36)		
Atvinnuleysi breytingar á 4 árum		0,12 (0,66)	
Árið 2010	-0,10** (0,04)	-0,10* (0,06)	-0,12* (0,06)
Árið 2014	0,01 (0,03)	0,02 (0,03)	0,01 (0,03)
Árið 2018	-0,04 (0,03)	-0,03 (0,03)	-0,03 (0,03)
Fjöldi á kjörskrá	0,006 (0,00)	0,005 (0,00)	0,004 (0,00)
Fjöldi tilvika	109	109	109
R ²	0,09	0,08	0,08

*P**<0,1, *p***<0,05, *p****<0,01. Staðalvilla sýnd í sviga. Gögn um þá meirihlutflokka sem voru í ríkisstjórn þegar sveitarstjórnarkosningar fóru fram. Niðurstöður um ártöl miða við árið 2006. Niðurstöður um fjölda á kjörskrá hafa verið margfaldaðar með 10000.

Sjá má að efnahagsástandið hefur ekki tölfræðilega marktæk áhrif á fylgisbreytingar þeirra flokka sem voru bæði í ríkisstjórn og sveitarstjórnarmeirihluta þegar sveitarstjórnarkosningar fóru fram. Einu tölfræðilega marktæku áhrifin sem finna má í líkönunum þremur eru áhrif ártalsins 2010 á niðurstöður kosninganna, en athyglisvert má telja að þau séu marktæk í líkönun töflu 6 þar sem þau eru ekki marktæk í líkönun töflu 5. Með líkani 1 getum við áætlað að miðað við árið 2006 hafi fylgisbreyting meirihlutflokka sem einnig voru í ríkisstjórn um 10% árið 2010. Í töflu 2 má sjá meðalfylgisbreytingu meirihlutflokka sem einnig voru í ríkisstjórn en árið 2006 er hún -2,1% og 2010 er hún -11,4%, því má sjá að niðurstöður gagnagreiningarinnar ríma vel við raunverulegar fylgisbreytingar á þessum árum.

Utan ofangreindra frávika eru niðurstöður greiningarinnar sem birtist hér mjög keimlíkar niðurstöðum greiningarinnar í töflu 5. Skýringargildi líkananna í töflu 6 eru þó aðeins meiri en í töflu 5 eða á bilinu 8-9%. Því virðast breytur sem hér eru til umfjöllunar, staðbundið

atvinnuleysi, fjöldi á kjörskrá og árin 2010, 2014 og 2018 skýra meira í breytileika meirihlutaflokka sem einnig voru í ríkisstjórn heldur en allra meirihlutaflokka. Þó eru áhrifin ekki tölfræðilega marktæk.

6.2 Meirihlutar í heild sinni

Niðurstöður úr greiningu á gengi meirihlutaflokka eru mjög líkar niðurstöðum úr greiningu á gengi meirihluta í heild sinni en þær má sjá í viðauka 3. Skýringargildi líkananna er mjög svipað en þó er það örlítið hærra í tilfelli meirihluta í heild sinni. Breyturnar sem notaðar eru í líkani 4, fjöldi á kjörskrá, árin 2010, 2014 og 2018, atvinnuleysi og breytingar á atvinnuleysi á einu ári skýra 6% í breytileika fylgisbreytinga meirihluta í heild sinni, samanborið við 4% breytileika í tilfelli meirihlutaflokka líkt og sjá má í töflu 5.

Samkvæmt líkönum 1-4 í viðauka 3 tapar meirihlutinn í heild sinni litlu sem engu fylgi þegar fjöldi á kjörskrá eykst um 10000 manns og eru það mjög svipaðar niðurstöður og í tilfelli meirihlutaflokka, þau áhrif eru ekki marktæk. Breyturnar árin 2010, 2014 og 2018 og fjöldi á kjörskrá skýra 3,1% í breytileika gengis sitjandi meirihluta, en skýrðu einungis 2,1% í breytileika gengis sitjandi meirihlutaflokka. Áhrifin eru aftur ekki marktæk. Ef breytingum á atvinnuleysi er bætt við, sjá líkan 1, eykst skýringargildi þess í 5,4% og áhrif eins árs breytinga á atvinnuleysi á gengi meirihluta eru marktæk ef miðað er við 5% þröskuld. Í líkani 1 má sjá að ef atvinnuleysi eykst um eitt prósentustig ætti fylgi meirihluta í heild sinni að aukast um 3%. Líkt og í töflu 6 minnkar skýringargildi líkansins ef fjögurra ára breytingar á atvinnuleysi eða núverandi atvinnuleysi er notað í stað eins árs breytinga á atvinnuleysi.

7 Umræður og lokaorð

Hagræn kosningahegðun er mikið rannsakað fyrirbæri og hafa áhrif efnahagsástandsins á niðurstöður kosninga á efstu stjórnsýslustigum verið staðfest víða um heim, þó virðist erfitt að sýna fram á samsvarandi áhrif hans milli ríkja. Með öðrum orðum, hagræn kosningahegðun virðist hafa mismikil áhrif á niðurstöður kosninga eftir því hvert hið pólitíska sögusvið er. Gera má ráð fyrir því að stjórnsýslu- og menningarleg einkenni ríkja hafi þar áhrif og því sé mikilvægt að rannsaka hagræna kosningahegðun í hverju ríki fyrir sig ef draga á ályktanir um áhrif hennar.

Á seinni árum hefur áhugi rannsakenda í auknum mæli beinst að lægri stjórnsýslustigum. Sýnt hefur verið fram á áhrif staðbundinna þátta á hagræna kosningahegðun víða um heim og ganga margir út frá því að staðbundið umhverfi kjósenda sé lykilþáttur í mótun heimssýnar

þeirra og þar af leiðandi kosningahegðun þeirra. Lítið hefur verið skrifað um hagræna kosningahegðun á Íslandi en hér að ofan hafa rök verið færð fyrir því að hagræn kosningahegðun sé möguleg á Íslandi í ljósi þeirra miklu sameininga sem orðið hafa á sveitarfélögum og út frá þeirri röksemdarfærslu að hagsmunamat einstaklinga mótist af nærumhverfi þeirra. Sameiningar sveitarfélaga á Íslandi hafa aukið umsvif og bolmagn sveitarfélaganna og styrkt stöðu þeirra sem stjórnsýslueiningar og þar með hefur sá möguleiki opnast að kjósendur sjái sveitarstjórnir sem umsvifamikla gerendur og dragi þær til ábyrgðar í efnahagslegum harðindum. Þar sem rannsóknir á lægri stjórnsýslustigum virðast ekki sammælast um áhrif hagrænnar kosningahegðunar má segja hið sama um þær og um rannsóknir á hagrænni kosningahegðun á efstu stjórnsýslustigum, rannsaka verður fyrirbærið í hverju ríki fyrir sig ef draga á ályktanir um útbreiðslu þess og virkni. Með rannsókn þessari leitast ég við að auka þekkingu okkar á kosningahegðun á Íslandi sem og þekkingu okkar á lýðræði í hinu íslenska sveitarstjórnarstigi.

Ég hef freistað þess að prófa tvær tilgátur. Í fyrsta lagi að fylgi sitjandi meirihluta í sveitarstjórnnum dvíni milli sveitarstjórnarkosninga ef staðbundið efnahagsástand hefur versnað, byggir sú tilgáta á þeim rannsóknnum á sviði hagrænnar kosningahegðunar sem farið hefur verið yfir hér að ofan. Tilgáta 1 hefur ekki verið staðfest með þeirri greiningu gagna sem fram fer hér að ofan. Samband efnahagsástands og fylgisbreytinga meirihlutaflokka er andstætt því sem kenningar um hagræna kosningahegðun segja til um og því hefur ekki verið sýnt fram á tilvist hagrænnar kosningahegðunar í sveitarstjórnarkosningum á Íslandi. Kenningar um hagræna kosningahegðun ganga út frá því að kjósendur refsir sitjandi ráðafólki í harðindum en umbuni því velmegun en í niðurstöðum greiningarinnar hér að ofan kemur fram að hérlendis er um öfugt samband að ræða. Fylgi sitjandi meirihlutaflokka ætti að aukast um 1,6%-1,7% þegar atvinnuleysi eykst um eitt prósentustig. Vissulega sýndi rannsókn þessi fram á áhrif efnahagsins á niðurstöður sveitarstjórnarkosninga en á athyglisverðan hátt sem stangast á við fyrri rannsóknir á sviðinu.

Eins árs breytingar á atvinnuleysi eru einu efnahagsbreyturnar sem hafa tölfræðilega marktæk áhrif á fylgisbreytingar meirihlutaflokka og virðast þessar niðurstöður staðfesta það sem rætt var hér að ofan varðandi nærsýni kjósenda. Fjögur ár virðist of langur tími í samhengi kosningahegðunar í íslenskum sveitarfélögum þar sem fjögurra ára breytingar á hlutfalli atvinnuleysis höfðu ekki marktæk áhrif á fylgisbreytingar meirihlutaflokka. Líkt og fram hefur

komið eru áhrif efnahagsástandsins á fylgisbreytingar meirihlutaflokka í öfuga átt en búist var við en þrátt fyrir það gefa niðurstöðurnar til kynna ákveðna nærsýni kjósenda þegar kemur að mati á efnahagsástandinu.

Áhugavert verður að teljast að sambandið milli efnahagsástandsins og fylgisbreytinga meirihlutaflokka sé öfugt hérlendis við sambærilegar rannsóknir erlendis. Ef draga á ályktanir um ástæðuna að baki þessara áhrifa mætti benda á það sem rætt hefur verið hér að ofan varðandi sýn kjósenda á sveitarstjórnir og sveitarstjórnarfulltrúa. Mögulega líta kjósendur í sveitarstjórnarkosningum á Íslandi ekki á sveitarstjórnir sem raunverulega ábyrgðaraðila í efnahagsmálum, hugsanlegt er að í augum kjósenda beri ríkisstjórnin ábyrgð á efnahagsástandinu og því refsí þeir ekki sveitarstjórnnum. Jafnframt gæti verið að kjósendur í sveitarstjórnarkosningum samsami sig sveitarstjórnarfulltrúum og líti á þá sem samherja sína, á meðan ríkisstjórninni sé um að kenna þegar illa fer og séu nokkurs konar mótherjar. Þar gætu ráðið för áhrif þar sem kjósendur fylkja sér um ráðafólk í harðindum og standa saman, það sem á ensku hefur verið kallað „rally around the flag effect“. Á hinn bóginn mætti velta fyrir sér hvort kjósendur í sveitarstjórnarkosningum byggi ekki atkvæði sitt á málefnum líðandi stundar heldur á þeim einstaklingum sem eru í framboði. Kjósendur kjósi þá frambjóðendur sem þeir vilja sjá í sveitarstjórnnum burtséð frá efnahagsástandinu hverju sinni. Síðan gætu önnur málefni einfaldlega vegið þyngra heldur en efnahagsmálin í sveitarstjórnarkosningum.

Jafnframt gæti verið að sveitarfélög séu ekki hentug mælieining á staðbundið efnahagsástand heldur upplifi kjósendur staðbundið efnahagsástand á annað hvort minna eða stærra svæði. Annars vegar gætu kjósendur litið til landsfjórðunga við mat á efnahagsástandi eða til þeirra bæjarfélaga sem eru næst eigin heimili en tilheyra ekki endilega sama sveitarfélagi. Hins vegar gætu kjósendur litið til enn smærri eininga við mat á efnahagsástandi. Líkt og fram hefur komið hafa miklar sameiningar átt sér stað á sveitarfélögum og þar af leiðandi gætu til dæmis Seyðisfirðingar upplifað sig sem slíka en ekki sem Múlapingsbúa, það gæti gert það að verkum að mat þeirra á efnahagsástandinu miðist við Seyðisfjörð en ekki Múlaping. Eins gæti áhersla rannsóknarinnar á staðbundna þætti einfaldlega verið of mikil. Rannsókn þessi gefur sér þær forsendur að heimssýn kjósenda mótist af staðbundnum þáttum en út frá niðurstöðum greiningarinnar mætti draga þær forsendur í efa. Snert var á áhrifum hnattvæðingar hér að ofan en vel mætti vera að upplifun kjósenda af atvinnuleysi sé ekki staðbundin, heldur upplifi kjósendur atvinnuleysi og efnahagsástand með ólíkum hætti eftir til

dæmis starfsstétt eða menntun. Því deili Kópavogsbúi og Akureyringur með sama menntunarstig sameiginlegri sýn á efnahaginn en nágrannar í Borgarnesi með ólíkt menntunarstig ekki; hnattvæðing og framfarir í samskiptatækni hafi minnkað skilin milli nær- og fjærumhverfis. Því mætti framkvæma sambærilega rannsókn með gögnum um bakgrunn kjósenda og stýra fyrir mögulegum áhrifaþáttum.

Eins mætti nefna að mögulega fangar staðbundið atvinnuleysi ekki nægilega vel staðbundið efnahagsástand og kjósendur taki frekar mið af öðrum þáttum en atvinnuástandi í sínu sveitarfélagi, því þyrfti að rannsaka hagræna kosningahegðun með annars konar aðgerðarbindingu hugtaksins efnahagsástand. Sumar rannsóknir sýna einmitt ekki fram á nein áhrif atvinnuleysis á fylgisbreytingar meirihlutflokka en sýna fram á áhrif annarra efnahagsþátta, svo sem verðbólgu eða hagvaxtar (sjá t.d. Powell og Whitten 1993, 392), og því mætti vel reyna sambærilega rannsókn með annars konar óháðri breytu. Að lokum mætti nefna að áhrifin gætu einfaldlega verið tilviljanakennd eða bundin við þær ferner kosningar sem undir eru í rannsókninni.

Ekki er unnt að prófa ofangreindar vangaveltur með þeim gögnum sem fyrir liggja í rannsókn þessari en ljóst er að nánari rannsókna er þörf. Eins mætti vel kanna mikilvægi annarra áhrifaþátta hvað varðar kosningahegðun einstaklinga. Félagslegir þættir, svo sem flokkshollusta, félagsmótun, hefðir, vani og ýmsir samfélagslegir klofningsþættir geta haft áhrif á kosningahegðun einstaklinga og þar sem niðurstöður mínar benda til mjög óvenjulegra hagrænna áhrifaþátta gæti næsta skref verið að skoða áhrif félagslegra þátta á niðurstöður sveitarstjórnarkosninga.

Tilgáta 2 er að staðbundið efnahagsástand hafi ekki áhrif á gengi sitjandi ríkisstjórnarflokka í sveitarstjórnarkosningum og hefur sú tilgáta verið staðfest með þeirri gagnagreiningu sem fram fór hér að ofan. Staðbundið efnahagsástand hefur ekki tölfræðilega marktæk áhrif á fylgisbreytingar þeirra meirihlutflokka sem voru einnig í ríkisstjórn. Þar sem greining á gögnunum sýndi fram á tölfræðilega marktæk áhrif efnahagsástandsins á fylgisbreytingar allra meirihlutflokka tel ég niðurstöður mínar renna styrkum stoðum undir tilgátu 2. Einu tölfræðilega marktæku niðurstöðurnar voru áhrif ársins 2010 samanborið við 2006 á fylgisbreytingar meirihlutflokka í sveitar- og ríkisstjórnnum í sveitarstjórnarkosningum. Samkvæmt greiningunni dvínaði fylgi meirihlutflokka sem einnig voru í ríkisstjórn um 10%

árið 2010 í samanburði við árið 2006 og passar það við þá lýsandi tölfræði á fylgibreytingum meirihlutflokka sem einnig voru í ríkisstjórn sem sett var fram hér að ofan.

Því hefur mikilvægi efnahagsástandsins að ákveðnu leyti verið staðfest hvað varðar niðurstöður sveitarstjórnarkosninga á Íslandi en á hátt sem kallar á frekari rannsóknir og sannar ekki tilvist hagrænnar kosningahegðunar á Íslandi. Með gögnum þessarar rannsóknar er vandasamt að geta til um ástæðu þess að fylgi meirihlutflokka virðist aukast þegar hlutfall atvinnuleysis hækkar og því er nauðsynlegt að rannsaka aðra áhrifaþætti til að draga ályktanir um slíkt. Hvað varðar meirihlutflokka sem einnig eru í ríkisstjórn hafa niðurstöður mínar staðfest þá ályktun sem dregin var hér að ofan að sveitarstjórnarkosningar á Íslandi séu ekki atkvæðagreiðsla um frammistöðu ríkisstjórnarinnar.

Heimildaskrá

- Aldrich, John H. 1993. „Rational Choice and Turnout“. *American Journal of Political Science* 37 (1): 246–78. Sótt 1. apríl 2021. <https://www.jstor.org/stable/2111531>.
- Carsey, Thomas M. og Gerald C. Wright. 1998. „State and National Factors in Gubernatorial and Senatorial Elections: A Rejoinder“. *American Journal of Political Science* 42 (3): 1008. <https://doi.org/10.2307/2991740>.
- Dassonneville, Ruth, Ellen Claes og Michael S. Lewis-Beck. 2016. „Punishing local incumbents for the local economy: Economic voting in the 2012 Belgian municipal elections“. *Rivista Italiana di Scienza Politica* 46 (1): 3–22. <https://doi.org/10.1017/ipo.2015.26>.
- Dassonneville, Ruth og Michael S. Lewis-Beck. 2014. „Macroeconomics, economic crisis and electoral outcomes: A national European pool“. *Acta Politica* 49 (4): 372–94. <https://doi.org/10.1057/ap.2014.12>.
- de Benedictis-Kessner, Justin og Christopher Warshaw. 2020. „Accountability for the Local Economy at All Levels of Government in United States Elections“. *American Political Science Review* 114 (3): 660–76. <https://doi.org/10.1017/S0003055420000027>.
- Ebeid, Michael og Jonathan Rodden. 2006. „Economic geography and economic voting: Evidence from the US States“. *British Journal of Political Science* 36 (3): 527–47. <https://doi.org/10.1017/S0007123406000275>.
- Eva Marín Hlynsdóttir. 2018. „Autonomy or integration: Historical analysis of the debate on the purpose of Icelandic local self-government“. *Stjórnmal og stjórnsýsla* 14 (1): 81–100. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2018.14.1.4>.
- Eva Marín Hlynsdóttir. 2019. „Local administrative capacity based on the presence of expert staff in municipal city halls and inter-municipal cooperation entities“. *Stjórnmal og stjórnsýsla* 15 (1): 1–20. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2019.15.1.1>.
- Eva Marín Hlynsdóttir. 2020. *Sub-National Governance in Small States - The Case of Iceland. Sub-National Governance in Small States*. 1. útg. Palgrave Pivot, Cham. https://doi.org/10.1007/978-3-030-51552-2_4.
- Fauvelle-Aymar, Christine. 2011. „Participation in the 2010 French regional elections: The major impact of a change in the electoral calendar“. *French Politics* 9 (1): 1–20. <https://doi.org/10.1057/fp.2011.2>.
- Fauvelle-Aymar, Christine, Jean Dominique Lafay og Marie Servais. 2000. „The impact of turnout on electoral choices: An econometric analysis of the French case“. *Electoral Studies* 19 (2–3): 393–412. [https://doi.org/10.1016/S0261-3794\(99\)00058-X](https://doi.org/10.1016/S0261-3794(99)00058-X).

- Fauvelle-Aymar, Christine og Michael S. Lewis-Beck. 2011. „Second-Order Elections and Economic Voting: The French Regional Example“. *Rivista Italiana di Scienza Politica* 41 (3): 369–84. Sótt 16. janúar 2021.
<https://search.proquest.com/docview/926502249/62914E2FEA4648FDPQ/1?accountid=135701>.
- Ferejohn, John A. og Morris P. Fiorina. 1974. „The Paradox of Not Voting : A Decision Theoretic Analysis“. *The American Political Science Review* 68 (2): 525–36. 1. apríl 2021.
<https://www.jstor.org/stable/1959502>.
- Fiorina, Moris P. 1978. „Economic Retrospective Voting in American National Elections : A Micro-Analysis“. *American Journal of Political Science* 22 (2): 426–43. sótt 21. janúar 2021. <https://www.jstor.org/stable/2110623>.
- Fjármálaráðuneytið. 2000. „Ábyrgð, valdsvið og stjórnunarumboð forstöðumanna ríkisstofnana - nefndarálit“. Sótt 27. mars 2021.
https://www.stjornarradid.is/media/fjarmalaraduneyti-media/media/utgefin_rit/abyrgd-valdssvid-forstodumanna2000-2.pdf
- Geir H. Haarde. 2009. Slit stjórnarsamstarfs: Tilkyning frá ríkisstjórninni. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*. Sótt 15. apríl 2021.
<https://www.althingi.is/altext/136/01/r26150418.shtml>
- Giuliani, Marco. 2017. „Retrospective voting in the Italian 2013 election: A sub-national perspective“. *Rivista Italiana di Scienza Politica* 48 (1): 65–83.
<https://doi.org/10.1017/ipo.2017.19>.
- Gunnar Helgi Kristinsson. 2001. *Staðbundin stjórnmál*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Gunnar Helgi Kristinsson. 2007. *Íslenska stjórnkerfið*. 2. útg. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hagstofa Íslands. E.d. „Kosningaþátttaka eftir kyni, aldri og stærð sveitarfélags 2014 og 2018“. Sótt 27. mars 2021.
https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__kosningar__sveitastjorn__svf_urslit/KOS03200.px
- Holbrook, Thomas og James C. Garand. 1996. „Homo economus? economic information and economic voting“. *Political Research Quarterly* 49 (2): 351–75.
<https://doi.org/10.1177/106591299604900206>.
- Hooghe, Liesbet og Gary Marks. 2018. „Cleavage theory meets Europe’s crises: Lipset, Rokkan, and the transnational cleavage“. *Journal of European Public Policy* 25 (1): 109–35. <https://doi.org/10.1080/13501763.2017.1310279>.
- Indriði H. Indriðason. 2014. „The Collapse: Economic Considerations in Vote Choice in Iceland“. *Journal of Elections, Public Opinion and Parties* 24 (2): 134–59.
<https://doi.org/10.1080/17457289.2014.889699>.

- Indriði H. Indriðason, Eva H. Önnudóttir, Hulda Þórisdóttir og Ólafur Harðarson. 2017. „Re-electing the Culprits of the Crisis? Elections in the Aftermath of a Recession“. *Scandinavian Political Studies* 40 (1): 28–60. <https://doi.org/10.1111/1467-9477.12081>.
- Johnston, Ron, Charles Pattie, Daniel Darling, Lain MacAllister, Helena Tunstall og David Rossiter. 2000. „Local context, retrospective economic evaluations, and voting: The 1997 general election in England and Wales“. *Political Behavior* 22 (2): 121–43. <https://doi.org/10.1023/A:1006655300380>.
- Kolk, Henk van der. 2007. „Local electoral systems in Western Europe“. *Local Government Studies* 33 (2): 159–80. <https://doi.org/10.1080/03003930701198524>.
- Kramer, Gerald H. 1983. „The Ecological Fallacy Revisited: Aggregate- versus Individual-level Findings on Economics and Elections, and Sociotropic Voting“. *American Political Science Review* 77 (1): 92–111. Sótt 29. apríl 2021. <https://www.jstor.org/stable/1956013>.
- Lewis-Beck, Michael S., Richard Nadeau og Angelo Elias. 2008. „Economics, party, and the vote: Causality issues and panel data“. *American Journal of Political Science* 52 (1): 84–95. <https://doi.org/10.1111/j.1540-5907.2007.00300.x>.
- Lewis-Beck, Michael S. og Guy D. Whitten. 2013. „Economics and elections: Effects deep and wide“. *Electoral Studies* 32 (3): 393–95. <https://doi.org/10.1016/j.electstud.2013.05.010>.
- Lewis-Beck, Michael S og Mary Stegmaier. 2000. „Economic determinants of electoral outcomes“. *Annual review of political science* 3 (0): 183–219. Sótt 1. febrúar 2021. <https://www.annualreviews.org/doi/full/10.1146/annurev.polisci.3.1.183>.
- Martins, Rodrigo og Francisco José Veiga. 2013. „Economic voting in Portuguese municipal elections“. *Public Choice* 155 (3–4): 317–34. <https://doi.org/10.1007/s11127-011-9849-0>.
- OECD. 2019. „World Observatory on Subnational Government Finance and investment - Country Profiles“.
- Partin, Randall W. 1995. „Economic Conditions and Gubernatorial Elections“. *American Politics Quarterly* 23 (1): 81–95. <https://doi.org/10.1177/1532673x9502300104>.
- Powell, G. Bingham Jr. og Guy D Whitten. 1993. „A Cross-National Analysis of Economic Voting: Taking Account of the Political Context“. *American Journal of Political Science* 37 (2): 391–414. Sótt 19. feb 2021. <https://www.jstor.org/stable/2111378>.
- Riley, Russel L. e.d. „Bill Clinton: Campaigns and Elections“. Miller Center. Sótt 2. apríl 2021. <https://millercenter.org/president/clinton/campaigns-and-elections>.
- „Ríkisstjórnartal frá stofnun lýðveldis“, Stjórnarráð Íslands. Síðast uppfært 2. mars 2020. Sótt 15. apríl 2021. stjornarradid.is/rikkisstjorn/sogulegt-efni/rikkisstjornartal/
- Samband íslenskra Sveitarfélaga. e.d. „Sveitarfélögin“. Sótt 3. apríl 2021. <https://www.samband.is/sveitarfelogin/>.

Steinberger, Peter J. 2015. „Rationalism in Politics“. *American Political Science Review* 109 (4): 750–63. <https://doi.org/10.1017/S0003055415000489>.

Vinnumálastofnun. e.d. „Atvinnuleysistölur í excelskjölum“. vinnumalastofnun.is. Sótt 29. apríl 2021. <https://www.vinnumalastofnun.is/maelabord-og-tolulegar-upplýsingar/atvinnuleysi-tolulegar-upplýsingar/atvinnuleysistolur-i-excelskjolum>.


Wilkin, Sam, Brandon Haller og Helmut Norpoth. 1997. „From Argentina to Zambia: A world-wide test of economic voting“. *Electoral Studies* 16 (3): 301–16. [https://doi.org/10.1016/S0261-3794\(97\)00028-0](https://doi.org/10.1016/S0261-3794(97)00028-0).

Lagaskrá


Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands 33/1944

Sveitarstjórnarlög 138/2011

Viðauki 1 – Meðalatvinnuleysi eftir sveitarfélögum árið 2018



Viðauki 2 – Meðalatvinnuleysi eftir sveitarfélögum 2010



Viðauki 3 – Niðurstöður aðhvarfsgreiningar á tengslum efnahagsástandsins við fylgisbreytingar meirihluta í heild sinni í sveitarstjórnarkosningum

	Líkan 1	Líkan 2	Líkan 3	Líkan 4
Fasti	-0,05** (0,02)	-0,06*** (0,02)	-0,05*** (0,02)	-0,05** (0,02)
Atvinnuleysi			-0,63 (0,59)	-0,49 (0,59)
Atvinnuleysi breytingar á 1 ári	1,97** (0,95)			1,88* (0,96)
Atvinnuleysi breytingar á 4 árum		-0,26 (0,53)		
Árið 2010	-0,04 (0,03)	-0,03 (0,04)	-0,01 (0,04)	-0,02 (0,04)
Árið 2014	0,01 (0,03)	0,01 (0,03)	0,03 (0,03)	0,02 (0,03)
Árið 2018	-0,04 (0,03)	-0,04 (0,03)	-0,03 (0,03)	-0,04 (0,03)
Fjöldi á kjörskrá	-0,002 (0,00)	-0,005 (0,00)	-0,003 (0,00)	-0,001 (0,00)
Fjöldi tilvika	187	187	187	187
R ²	0,05	0,03	0,04	0,06

$P^* < 0,1$, $p^{**} < 0,05$, $p^{***} < 0,01$. Staðalvilla sýnd í sviga. Gögn um meirihluta í heild sinni. Niðurstöður um ártöl miða við árið 2006. Niðurstöður um fjölda á kjörskrá hafa verið margfaldaðar með 10000.